



Forsætisnefnd

Reykjavík, 30. janúar 2025

MSS25010171

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 30.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Skil stýrihóps um mótun stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til 2030 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 27. janúar 2025, þar sem óskað er eftir að borgarráð taki til afgreiðslu stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til forsætisnefndar.

Inga Hlín Pálsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti ásamt borgarfulltrúunum Ástu Þórdísi Skjalddal Guðjónsdóttur, Friðjóni R. Friðjónssyni, Hjálmari Sveinssyni, Sabine Leskopf og Skúla Helgasyni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Í nýrri stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa er lögð er áhersla á sjálfbærni og að stuðla að jákvæðum áhrifum skemmtiferðaskipa til framtíðar. Stefnan mætir áhyggjum Reykvíkinga með áherslu á minni mengun, aukna sjálfbærni og viðmið um fjölda skemmtiferðaskipa. Framtíðarsýnin er að áfangastaðurinn Reykjavík sé leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru- og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi. Þá dró vinnan fram ýmislegt sem við viljum leggja áherslu á til framtíðar og beina þeim skilaboðum til stjórnvalda að gerðar verði viðeigandi viðbragðsáætlanir fyrir áfangastaði í heild og að skoða verði álag og þolmörk í samhengi við fjölda ferðamanna á til dæmis höfuðborgarsvæðinu og helstu áfangastöðum á suðvesturhorninu á sama degi. Við þökkum stýrihóp og verkefnastjórn fyrir góða vinnu. Hér er Reykjavíkurborg komin með ítarlegar upplýsingar um skemmtiferðaskip og þá hluta ferðaþjónustunnar.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokksins er sammála því að vísa málinu til borgarstjórnar.



Reykjavík



Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Umræða um fjölda skemmtiferðaskipa í Reykjavík hefur oft verið nokkuð neikvæð. Helstu áhyggjur fólks eru vegna umhverfisáhrifa og álags á innviði borgarinnar. Þessi umræða hefur leitt til þess að sumir móttökustaðir hafa sett takmarkanir á fjölda farþega sem mega koma í land á sama tíma til að draga úr álagi á innviði. Það er því afskaplega ánægjulegt að mótuð hafi verið stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því þessum áfanga um mótun stefnu sem byggir í grunninn á mikilvægi þess að fylgst sé með fjölda skipa og farþega sem svæðið getur tekið á móti án þess að valda óásættanlegum áhrifum á umhverfi, samfélag og innviði. Fjöldi gagnlegra upplýsinga eru í stefnuskjalinu sem mun koma ferðaþjónustunni að góðum notum. Það kom fulltrúa Flokks fólksins á óvart hversu mikill fjárhagslegur ávinningur er af komu skemmtiferðaskipa á íslenskt hagkerfi. Árið 2023 var efnahagslegt umfang vegna skemmtiferðaskipa metið á 37,2 milljarða króna.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Borgarráð

Reykjavík, 27. janúar 2025
MSS25010171

Skil stýrihóps um mótun stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til 2030

Lögð er fram skýrsla stýrihóps um mótun stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Óskað er eftir því að borgarráð fjalli um stefnuna, taki hana til afgreiðslu og vísi henni til meðferðar forsætisnefndar sem vísar henni til meðferðar borgarstjórnar.

Stefnan byggir í grunninn á að mikilvægt sé að fylgjast með og meta þann fjölda skipa og farþega sem svæðið getur tekið á móti án þess að valda óásættanlegum áhrifum á umhverfi, samfélag og innviði. Skilgreining á því getur hins vegar breyst í takti við breytingar á innviðum. Framtíðarsýnin er að áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.

Í niðurstöðum stýrihópsins kemur fram að lagt er til að stefnuramminn verði endurskoðaður reglulega, að minnsta kosti á þriggja ára fresti fram til ársins 2030. Þá kemur stýrihópurinn með ábendingar til stjórnvalda, m.a. að gerð verði þolmarkagreining fyrir landið í heild þegar kemur að komum ferðamanna hvort sem er með flugi eða skipum.

Greinargerð:

Á fundi forsætisnefndar 15. mars 2024 var samþykkt verkefnatillaga um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík og skipan stýrihóps sem heldur utan um verkefnið. Stýrihópurinn skipuðu Þórdís Lóa Þórhallsdóttir forseti borgarstjórnar, formaður, Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi, Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, Kristófer Oliversson, eigandi Center Hotels, Björn Ragnarsson, forstjóri Icelandia, Pétur Rúnar Heimisson, markaðsstjóri Regins, Lilja Sigrún Jónsdóttir, fulltrúi Íbúasamtaka í Laugardal og Sigrún Tryggvadóttir, fulltrúi Íbúasamtaka Miðborgarinnar (varamaður). Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins var stýrihópnum til aðstoðar. Stýrihópurinn hefur skilað stefnuramma til ársins 2030 sem tilgreinir framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn þar sem sjálfbærni er lykilþáttur. Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi er horft til þess að stuðla að jákvæðum áhrifum skemmtiferðaskipa til framtíðar. Stefnan byggir á fjórum sjálfbærnivíddum: efnahag, samfélagi, gestum og umhverfi. Stefnuáherslurnar eru reistar á umhverfisvitund, innviðum og skipulagi, álagsstýringu og samvinnu og samráði aðila. Um er að ræða sömu víddir og settar eru fram í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda fram til ársins 2030.



Reykjavík



Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari

Hjálagt:

Skýrsla – Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipta í Reykjavík til 2030.

Samantekt - Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipta í Reykjavík til 2030.

Samþykkt forsætisnefndar 15. mars 2024 um verkefnatillögu um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipta í Reykjavík og skiptan stýrihóps.

Erindisbréf stýrihóps um stefnu og þolmörk í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipta í Reykjavík dags. 12. mars 2024.

Verkefnistillaga – Samtal um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipta í Reykjavík.



Skýrsla

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til 2030

Unnið af Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins 2024 fyrir



Samantekt

Í þessari skýrslu er sett fram sameiginlegt stefnuskjal helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030. Stefnuskjalinu er ætlað að skapa sameiginlega sýn hagaðila auk þess að nýtast sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi.

Stefnan hefur beina vísun í aðgerð C.7 í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda um að stofna skuli samstarfshópa sveitarfélaga og ferðaþjónustu í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa á sínum svæðum. Stefnuskjalið er unnið að ósk Reykjavíkurborgar í samvinnu við Faxaflóahafnir. Framkvæmdaðili verkefnisins er Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Vinna við mótun þessarar stefnu fól í sér að skoðaðir voru straumar og stefnur í heiminum og gerð var stöðugreining á komum skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Þá voru haldnar vinnustofur og farið var í samtal við breiðan hóp hagaðila.

Mikilvægur liður í mótun þessarar stefnu var jafnframt vinna með stýrihópi sem í sátu m.a. aðilar frá Reykjavíkurborg, Faxaflóahöfnum, ferðaþjónustunni, menningu, verslun og þjónustu og íbúasamtökum. Einn fulltrúi úr stýrihópi skilaði séráliti sem er í fylgiskjali 1.

Við vinnslu á stefnuskjalinu var sjálfbærni höfð að leiðarljósi þar sem m.a. var horft til ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda til 2030, Græna plans Reykjavíkurborgar sem og annarra lykilstefna og áætlana sem tengjast móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Stefnan byggir í grunninn á að mikilvægt sé að fylgjast með og meta þann fjölda skipa og farþega sem svæðið getur tekið á móti án þess að valda óásættanlegum áhrifum á umhverfi, samfélag og innviði. Skilgreining á því getur hins vegar breyst í takti við breytingar á innviðum. Stefnan byggir einnig á því að ekki er gert ráð fyrir fjölgun skipa eða farþega á næstu árum.

Stefnan hefur skýra framtíðarsýn um að áfangastaðurinn Reykjavík sé leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefni Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi. Stefnan byggir á fjórum sjálfbærnivíddum: Efnahag, samfélagi, gestum og umhverfi. Stefnuáherslurnar byggja á umhverfisvitund, innviðum og skipulagi, álagsstýringu og samvinnu og samráði aðila.


Lagt er til að stefnuramminn verði endurskoðaður reglulega að minnsta kosti á þriggja ára fresti fram til ársins 2030.

STEFNURAMMI

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030

Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurlóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.



Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Aðferðafræði og meginforsendur	7
3. Skemmtiferðaskip í heiminum og á Ísland	17
4. Stefnur og móttaka skemmtiferðaskipa	33
5. Aðgerðir hjá Faxaflóahöfnum fyrir áfangastaðinn Reykjavík	37
6. Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík	41
Viðaukar	53
Heimildir	74

1. Inngangur

Inngangur

Í þessari skýrslu er sett fram sameiginlegt stefnuskið helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030. Stefnunni er ætlað að skapa sameiginlega sýn hagaðila auk þess að nýtast sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um gerð aðgerðaráætlunar og unnið að innleiðingu hennar.

Heimsóknir skemmtiferðaskipa hafa áhrif á þá staði sem ferðast er til, bæði jákvæð og neikvæð og er mikilvægt að setja stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa svo hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum og styrkja þau jákvæðu. Mikill vöxtur hefur verið í komu skemmtiferðaskipa til Íslands og mikilvægt er að móttaka skemmtiferðaskipa skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Í ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2030 er tekið fram að stofna skuli samstarfshópa sveitarfélaga og ferðaþjónustu í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu landshlutans um umgjörð og komu skemmtiferðaskipa og landtöku utan hafna (aðgerð C.7). Er það í takti við þá þróun að hafnir um allan heim eru að setja sér stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa til að stuðla að sjálfbærni áfangastaða.

Stefnan sem hér er sett fram hefur beina vísun í þessa aðgerð og var unnin að ósk Reykjavíkurborgar í samvinnu við Faxaflóahafnir. Framkvæmdaaðili verkefnisins er Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Vinna við móttöku þessarar stefnu fól í sér að skoðaðir voru straumar og stefnur í heiminum og gerð var stöðugreining á komum skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Þá voru haldnar vinnustofur og farið var í samtal við breiðan hóp hagaðila.

Mikilvægur liður í móttöku þessarar stefnu var jafnframt vinna með stýrihópi sem í sátu m.a. aðilar frá Reykjavíkurborg, Faxaflóahöfnum, ferðaþjónustunni, menningu, verslun og þjónustu og íbúasamtökum. Einn fulltrúi úr stýrihópi skilaði séráliti sem er í fylgiskjali 1.

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum vinnunnar, en stefnuskiðið felur í sér framtíðarsýn, stefnuáherslur og meginmarkmið fyrir móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.

Þessi stefna takmarkast við komu skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur og verður í framhaldinu horft til annarra hafna innan höfuðborgarsvæðisins. Móttöku stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík er mikilvægur liður í aðgerðum sem stuðla að sjálfbærni Íslands sem áfangastaðar, en jafnframt er nauðsynlegt að horfa á heildarfjölda þeirra erlendu ferðamanna sem koma til Íslands. Gæta þarf að langtímahagsmunum samfélags, gesta og náttúru um allt land.

2. Aðferðafræði og meginforsendur

Aðferðafræði

Stefnuskjalið var unnið á tímabilinu mars til október 2024.

Samkvæmt erindisbréfi var stýrihópi falið það hlutverk að vinna að markmiði verkefnisins:

Að móta stefnuskjal sem ætlað er að skapa sameiginlega sýn hagaðila varðandi móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík fram til ársins 2030. Stefnuskjalinu er einnig ætlað að nýtast sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi.

Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um gerð aðgerðaráætlunar og unnið að innleiðingu hennar.

Verkefniseigendur eru Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir. Stýrihópur var skipaður með fulltrúum helstu hagaðila auk verkefnahóps sem í sátu fulltrúar verkefniseigenda ásamt framkvæmdaaðila. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins er framkvæmdaaðili verkefnisins.

Stýrihópurinn hittist sex sinnum á tímabilinu og verkefnishópurinn átti reglulega fundi.

Stýrihópur

Stýrihópur verkefnisins endurspeglar helstu hagaðila verkefnisins, en í stýrihóp sátu fulltrúar frá Reykjavíkurborg (2), Faxaflóahöfnum (1), íbúasamtökum (1), frá ferðaþjónustu og menningu (2) ásamt verzlun og þjónustu (2).

- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Borgarfulltrúi (formaður stýrihópsins)
- Hildur Björnsdóttir, Borgarfulltrúi
- Gunnar Tryggvason, Hafnarstjóri Faxaflóahafna
- Svanhildur Konráðsdóttir, Forstjóri Hörpu
- Kristófer Oliversson, Eigandi Center Hotels
- Björn Ragnarsson, Forstjóri Icelandia
- Pétur Rúnar Heimisson, Markaðsstjóri Regins
- Lilja Sigrún Jónsdóttir, Fulltrúi Íbúasamtaka í Laugardal
- Sigrún Tryggvadóttir, Fulltrúi Íbúasamtaka Miðborgarinnar (varamaður)

Verkefnahópur

Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri, Margrét Wendt, verkefnisstjóri, Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins, Kamma Thordarson, Atvinnu- og borgarþróun, Reykjavíkurborg, Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafnir. Ráðgjafi var Anna Katrín Einarsdóttir, ANK.

Aðferðafræði

Gagnaöflun

Leitað var gagna hjá Ferðamálastofu, Hagstofu Íslands, Rannsóknarmiðstöð ferðamála, sem og í öðrum opinberum gagnagrunnum. Hluti gagna- og upplýsingaöflunar var gagnaöflun hagaðila í greininni, meðal annars hjá Faxaflóahöfnum, Cruise Iceland – Samtökum aðila sem koma að móttöku skemmtiferðaskipa, Cruise Lines International Association (CLIA), Samtökum leiðangursskipa á norðurslóðum (AECO) auk aðila úr hótél- og gistinguþjónustu. Einnig var stuðst við upplýsingar sem er að finna á vefsíðum norrænna hafna, en horft var til þeirra sem bestu viðmiða til samanburðar.

Samtal við hagaðila

Haldnar voru tvær vinnustofur með hagaðilum þar sem kallað var eftir sjónarmiðum þeirra.


Markmið vinnustofanna var að stuðla að samtali hagaðila í þeim tilgangi að greina og ræða lykiláherslur, helstu áskoranir og tækifæri til framtíðar. Leitast var við að fá fram ólík sjónarmið til að kortleggja hvaða þættir skipta mestu máli við mörkun stefnunnar. Hagaðilar boðaðir á vinnustofurnar voru um 105 en 50 manns mættu.

Rætt var einnig sérstaklega við aðila innan Cruise Iceland, aðra en hafnir, í þeim tilgangi að varpa enn frekara ljósi á viðfangsefni verkefnisins.

Sjá má helstu niðurstöður úr vinnustofum og við hverja var tekið viðtal í viðauka 1.

Verkhlutar

Stefnuskjal um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík er fyrsti verkhluti, en í framhaldi verður tekin ákvörðun um mótun aðgerðaáætlunar áður en unnið verður að innleiðingu stefnunnar.



Meginforsendur

Frá upphafi var lagt upp með að stefnuskjal um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa myndi byggja á sjálfbærni.

Stefnuskjalið tekur mið af markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau heimsmarkmið sem stefnan styður við eru m.a góð atvinna og hagvöxtur, sjálfbærar borgir og samfélög, aðgerðir í loftslagsmálum, líf í vatni og samstarf um markmiðin.



Sjálfbær ferðaþjónusta felur í sér jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta til framtíðar með tilliti til komandi kynslóða og ólíkra hagsmunaaðila.

„Sjálfbær ferðaþjónusta er ferðaþjónusta sem tekur fullt tillit til núverandi og framtíðaráhrifa á efnahag, samfélag og umhverfi og tekur tillit til þarfa gesta, ferðaþjónustunnar, umhverfisins og heimamanna.“ (UNWTO).

Þolmörk ferðaþjónustu er eitt af stjórnþækjum fyrir sjálfbæra þróun áfangastaða og er skv. Alþjóða ferðamálastofnuninni (UNTWO) „sá hámarks fjöldi gesta sem áfangastaður ferðamanna getur tekið á móti samtímis án þess að náttúrulegt, hagrænt eða félags- og menningarlegt umhverfi verði fyrir skaða eða að óásættanleg skerðing verði á kjöraðstæðum og upplifun ferðamanna.“

Þolmörk áfangastaða afmarkast einkum af þremur þáttum:

- Efnahagsleg þolmörk: Hvenær verða hagfræðilegar stærðir ferðaþjónustu á viðkomandi stað svo ráðandi að þær fara að skaða önnur mikilvæg hagkerfi staðarins?
- Samfélagsleg þolmörk: Hvenær fer fjöldi gesta að hafa veruleg neikvæð áhrif á upplifun heimsóknar á staðinn? Hvenær breytist almenningssálit til hins verra með fjölda ferðamanna?
- Náttúrufarsleg þolmörk: Hversu mörgum gestum getur staðurinn tekið á móti áður en náttúru hans (náttúrulegu vistkerfi) hnignar?

Skýrsla VSÓ – Álagsstýring á ferðamannastöðum (2021)
Sustainable development (unwto.org)

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. „Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Meginforsendur


Ein meginforsenda við mótun stefnuskjalsins er ferðamálastefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda fram til ársins 2030. Þar kemur fram að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun og að ferðajónusta sé arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein í sátt við land og þjóð.

Ferðamálastefnan inniheldur aðgerð sem varðar samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða.

Um er að ræða aðgerð C.7 sem tilgreinir að stofnaðir verði samstarfshópar sveitarfélaga og ferðajónustu í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu landshlutans um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa og landtöku utan hafna.

Er það í takt við þá þróun að hafnir um allan heim setja sér nú stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa til að stuðla að sjálfbærni áfangastaða.

[1995/154 þál. í heild: ferðamálastefna og aðgerðaáætlun til ársins 2030 | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)



[Ferðamálastefna 2030 \(stjornarradid.is\)](#)

Meginforsendur


Græna planið er önnur meginforsenda sem horft var til við mótun þessa stefnuskjals.

Græna Planíð er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar fram til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn.

Framtíðarsýnin er að:

Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Stefnur borgarinnar sem falla þar undir og horft er sérstaklega til eru ferðamálastefna Reykjavíkurborgar, atvinnu- og nýsköpunarstefna, loftslagsstefna og aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum.



<https://reykjavik.is/graena-planid>

Meginforsendur

Önnur forsenda sem horft er til er framtíðarsýn Faxaflóahafna. En framtíðarsýn þeirra er:

“Að vera meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi og með áherslu á uppbyggingu hafnarinnviða styrkja Faxaflóahafnir samkeppnisstöðu Íslands. Faxaflóahafnir eru grænar, öruggar og skilvirkar hafnir með sjálfbærni að leiðarljósi. Skipulagning svæða er með grænum áherslum fyrir fjölbreytt samfélag og nýsköpun í hafnsækinni starfsemi.”

Stefnuáherslur

ÖRUGGAR HAFNIR

Fyrirmynd í öryggi og öflug hafnarvernd þar sem markvisst er unnið að því að koma í vef fyrir slys, umhverfis- og eignatjón.

GRÆNAR HAFNIR

Fyrirmynd í loftslags- og umhverfismálum í hafnsækinni starfsemi. Faxaflóahafnir eru kolefnishlutlausar í eigin rekstri.

SKILVIRKAR HAFNIR

Þróa hafnarinnviði sem stuðla að skilvirkri og snjallvæddri þjónustu við skip og aðra viðskiptavini.

Markmið sem styðja við þessar stefnuáherslur koma í veg fyrir slys og tjón, bæta úrgangsstjórnun, snjallvædda starfssemi og þjónustu, bæta loftgæði í kringum hafnir, auka kolefnisjöfnun og auka hlutfall umhverfisvænnar orku.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins/ Visit Reykjavík vann stefnumörkun fyrir áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið með helstu hagaðilum sem var samþykkt í byrjun árs 2024. Þar kemur m.a. fram að áfangastaðurinn verði leiðandi í sjálfbærni og verði öðrum áfangastöðum fyrirmynd í þeim efnum rétt eins og Ísland í heild.

Svæðið hafi sterkan sjálfbæran grunn en þar þarf að horfa til fjögurra þátta, samfélagsins, efnahagsins, umhverfisins og upplifunar gesta í takti við stefnu stjórnvalda. Ásamt því að finna leiðir til nærandi ferðaþjónustu þar sem markmiðið er að skilja við áfangastaðinn í betra ástandi en þegar komið var til hans.

Leiðarljósið í stefnumörkuninni fyrir áfangastaðinn er:

Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður, iðandi af menningu og lífi, en jafnframt einstök náttúruperla sem býr að þeirri hreinu orku sem einkennir Ísland.

Gildi áfangastaðarins eru: nærgætni, umburðarlyndi, útsjónarsemi, gestrisni og stolt.

Horft var til þessara þátta við gerð stefnuskjalsins.


Meginforsendur

Stefnuskjalið var enn fremur unnið í samráði við helstu hagaðila sem koma að móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík, meðal annars fyrirtækja í ferðaþjónustu, verslunar og þjónustu, fulltrúum íbúa auk stofnana ríkis og sveitarfélaga.

Hagaðilar sem koma að móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík eru fjölmargir og með ólík hlutverk en saman mynda þeir vistkerfi sem vinnur saman sem ein heild.

Því var samtal við helstu hagaðila mikilvægt en helstu hagaðilar eru:

Stjórnvöld, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir, fyrirtæki og samtök s.s. Cruise Iceland, menning og skapandi greina, íbúar, gestir og aðrir samstarfs og hagaðilar ásamt Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.



[Good practices for sustainable cruise tourism \(europa.eu\)](http://europa.eu)


Meginforsendur

Haldnar voru tvær vinnustofur með 50 hagaðilum þar sem m.a. var spurt um hvað kæmi helst upp í hugann þegar nefnd væri móttaka skemmtiferðaskipa. Helst var þar nefnt: tekjur, mengun, ferðamenn, mannfjöldi, álag, tækifæri ofl.

Hér eru svo tekin saman helstu þemu sem voru nefnd en samantekt úr vinnustofunum er í viðauka 1.


Sp. 2: Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:




Sp. 3: Hvað hefur gengið vel við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:



Sp. 4: Hvar liggja tækifæri til úrbóta við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:



3. Skemmtiferðaskip í heiminum og á Íslandi

Gögn og rannsóknir

Hér á eftir er sett fram greining á komum skemmtiferðaskipa í heiminum og á Íslandi sem byggð er á fyrirliggjandi gögnum.

Við vinnslu stefnuskjalsins var snemma ljóst að gögn og upplýsingar um áhrif komu skemmtiferðaskipa eru brotakennd og kannanir og rannsóknir eru ekki framkvæmdar með reglubundnum hætti. Fyrirliggjandi gögn byggja aðallega á fjöldatölum um farþega og skipakomur en einnig er að finna einskiptis kannanir t.d. á viðhorfi og útgjöldum farþega, viðhorfi íbúa, kannanir á vegum alþjóðlegra samtaka skemmtiferða- og leiðangurskipa, lokaverkefni, auk frumrannsókna meðal hagaðila greinarinnar.

Skortur á könnunum og rannsóknum í ferðaþjónustu á Íslandi hefur áhrif bæði á stefnumótun og ákvarðanatöku innan greinarinnar. Til að ferðaþjónusta geti þróast með sjálfbærum hætti er mikilvægt að safna tímanlegum og áreiðanlegum gögnum og greina þau meðal annars til að skilja betur þarfir gesta, áhrif ferðaþjónustu á náttúru og samfélag, sem og þróun ferðahegðunar.

Til framtíðar er nauðsynlegt að koma á reglulegum könnunum og rannsóknum í tengslum við komur skemmtiferðaskipa þannig að hægt sé að setja mælanleg markmið.




Skemmtiferðaskip á heimsvísu

Cruise Lines International Association (CLIA), alþjóðleg samtök tileinkuð siglingaiðnaðinum, gefa árlega út skýrslu um stöðu og þróun skemmtiferðaskipa innan þeirra samtaka en síðasta skýrsla kom út í mars 2024.

Í skýrslunni kemur fram að heildarfjöldi farþega skemmtiferðaskipa árið 2023 náði 31,7 milljónum á heimsvísu, sem er 7% aukning frá árinu 2019. Könnunar- og leiðangurssiglingar eru hratt vaxandi með 71% aukningu í farþegum frá 2019 til 2023.


Einnig má sjá að yngri aldurshópar eru vaxandi hópur sem sækir mögulega öðruvísi þjónustu og upplýsingar en eldri hópar hafa gert.

46 Average age of a cruise traveler
(36% are under the age of 40)



Source: CLIA Cruise Traveler Sentiment, Perception, and Intent Survey (March 2024); cruise travelers who have cruised in the past two years

Millennials are the most enthusiastic cruise travelers of the future



Samantekt á helstu straumum og stefnum úr sömu skýrslu CLIA:

- Yngri kynslóðir með nútíma kröfur eru framtíð skemmtiferðasiglinga.
- Það er mikill áhugi meðal Gen-X, Millennials og Gen Z ferðamanna að fara í sína fyrstu siglingu.
- Skemmtiferðaskipaferðir höfða til þeirra sem eru að leita að ferðamöguleikum fyrir stórfjölskylduna þar sem nokkrar kynslóðir ferðast saman.
- Einnig er fjölgun meðal farþega sem vilja ferðast einir.
- Kröfur skemmtiferðaskipafarþega um umhverfisvæna ferðamáta eru að aukast.
- Það er hröð þróun í umhverfistækni og verkferlum meðal skipaútgerða í átt að sjálfbærni.
- Áhersla skipafélaga á hönnun og framleiðslu miðar að umhverfisvænni skipum og auknum kröfum sem styðja við framfarir í átt að kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.
- Spáð er að afkastageta skemmtiferðaskipa á heimsvísu muni vaxa að minnsta kosti 10% frá 2024 til 2028.

[2024 State of the Cruise Industry Report | CLIA UK \(cruising.org\)](https://www.cruising.org/)

Skemmtiferðaskip á heimsvísu

Helstu niðurstöður úr sömu skýrslu CLIA varðandi farþega og ferðahegðun:

- Fjöldi nýrra farþega er að aukast – 27% farþega á síðustu tveimur árum eru að fara í sína fyrstu skemmtiskipasiglingu, sem er 12% aukning frá árinu áður.
- Skemmtiferðaskipasiglingar eru í efsta sæti þegar kemur að ferðalögum þar sem margar kynslóðir eru í samfloti – meira en 30% fjölskyldna sem ferðast með skemmtiferðaskipi eru að lágmarki tvær kynslóðir og 28% farþegar skemmtiferðaskipa ferðast þannig að þrjár til fimm kynslóðir eru saman.
- 85% farþega sem fóru í siglingu munu sigla aftur, sem er 6% hærra en fyrir heimsfaraldur.
- 12% farþega sigla tvisvar á ári.
- 10% farþega fara í þrjár til fimm siglingar á ári.
- 11% farþega íhuguðu aðeins siglingu í fríinu sínu á þessu ári.
- 71% ferðamanna íhuga að fara í sína fyrstu siglingu.

Í skýrslu CLIA er því gert ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir siglingum á skemmtiferðaskipum á næstu árum og eru lagðar fram tvær megin áherslur til framtíðar:

SJÁLFBÆRNI

Mikil áhersla á að draga úr útblæstri og tileinka sér nýja tækni sem er lykillinn að framtíðarvexti. Miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar í hreinni knúningskerfum og orkusparandi skipum.

NÝIR MARKAÐIR OG LÝÐFRÆÐI

Skemmtiferðaskipaiðnaðurinn heldur áfram að höfða til nýrra ferðalanga, þar á meðal Millennials og Gen Z, sem búist er við að muni knýja eftirspurn í framtíðinni.

[2024 State of the Cruise Industry Report | CLIA UK \(cruising.org\)](https://www.cruising.org/)

Skemmtiferðaskip á heimsvísu - regluverk og vinnuskilyrði

Tvær alþjóðastofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna eru ábyrgar fyrir alþjóðlegri umgjörð regluverks vegna útgerðar skemmtiferðaskipta og réttinda farmanna. Annars vegar Alþjóðasiglingamálastofnunin (International Maritime Organisation) sem setur reglur um öryggi skipa og siglingaleiða og er ábyrg að skapa jöfn samkeppnisskilyrði svo að skipaútgerðir geti ekki tekið á fjárhagslegum vanda með því t.d. að fara krókaleiðir og skerða öryggi skipa, vernd þeirra og umhverfisáhrif af rekstri þeirra. Hins vegar Alþjóðavinnuálastofnunin (International Labour Organisation) sem er ábyrg fyrir réttindum og öryggi farmanna.

- Samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnuskilyrði starfsmanna frá árinu 2006 (Maritime Labour Convention (MLC)) sem Ísland fullgilti árið 2019 og hefur leitt í lög, kveður á um réttindi áhafna skemmtiferðaskipa, rétt eins og annarra farmanna. Samþykktin er regulegu endurskoðuð í samvinnu stéttarféлага farmanna, útgerða og stjórnvalda. Samþykktin er eina gildandi alþjóðasamþykktin sem tekur til ákveðinnar starfsstéttar. Samningar um kaup og réttindi starfsmanna skemmtiferðaskipa sem gilda í því landi þar sem útgerðir þeirra hafa varnarþing koma síðan til viðbótar almennum réttindum samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.
- Af samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem og ákvæðum vegna vegabréfsáritunar inn á Schengen-svæðið hlýst að útgerðir skemmtiferðaskipa greiða fyrir tryggingar starfsmanna á skipum sínum sem ná til allra hafsvæða, fyrir læknishjálp til handa starfsmönnum, gjöld vegna vegabréfsáritunar og hvers konar nauðsynleg leyfi, svo sem læknisvottorð, auk ferða til og frá heimili að skipi.

[Maritime Labour Convention, 2006 | International Labour Organization \(ilo.org\)](#)
[Subcommittee on Wages of Seafarers of the Joint Maritime Commission | International Labour Organization \(ilo.org\)](#)
[ITF agreements | ITF Seafarers \(ilo.org\)](#)
[ITF agreements | ITF Seafarers](#)
[Before you board | ITF Seafarers](#)

Fjöldi skemmtiferðaskipa og farþega á Íslandi

Tvenns konar skip koma til Íslands. Annars vegar eru það stærri skemmtiferðaskip sem flytja 1.000 – 3.000 farþega og hins vegar eru það leiðangurskip sem eru fyrir 100 – 250 farþega.

Aukning hefur verið í svokölluðum farþegaskiptum, þ.e. gestum sem fljúga til eða frá landinu, mögulega gista hér og nýta afþreyingu fyrir eða eftir ferð með skemmtiferðaskipi. En á árinu 2023 komu rúmlega 300.000 farþegar á skemmtiferðaskipum til Íslands og hlutfall skiptifarþega var um 52%. Sama ár var hlutfall stærra skipa um 46% og minni leiðangurskipa 54%.

Mikil aukning var á komum skipanna á milli árána 2022 og 2023 eða 48%.




[Fjöldi skemmtiferðaskipa og farþega | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\).](#)
[Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour | Vefsvæði Faxaflóahafna \(faxesloahafnir.is\)](#)
[DOKK - Plot your port plan with DOKK](#)

Fjöldi skemmtiferðaskipa til Faxaflóahafna

Árið 2023 tóku Faxaflóahafnir á móti 262 skipum. Eins og áður sagði var fjöldinn rúmlega 300 þúsund farþegar og hafa þeir aldrei verið fleiri, en áður hafði fjöldi skemmtiferðaskipafarþega farið hæst í 188.630 árið 2019. Á árinu 2024 komu 258 skip sem felur ekki í sér aukningu milli ára en áætlaður fjöldi farþega var 321.867.


Bókunarstaðan fram í tímann gefur ekki til kynna að um aukningu verði að ræða. Bókunarstaðan fyrir 2025 telur 238 skip og rúmlega 300 þúsund farþega. Fyrir árið 2026 eru 208 skip bókuð, en gera má ráð fyrir því að fjöldi skipakomu og farþega eigi eftir að breytast fyrir árið 2026. Hins vegar er aukning í farþegaskiptum.



Fjöldi skemmtiferðaskipa og farþega | Ferðamálastofa (ferdamalastofa.is)

2024	2025	2026
Áætlaður fjöldi	Bókunarstaða	Bókunarstaða
Fjöldi skipakomu: 259	Fjöldi skipakomu: 238	Fjöldi skipakomu: 208
Almennar viðkomur: 92	Almennar viðkomur: 80	Almennar viðkomur: 70
Skipakomur í farþegaskiptum: 167	Skipakomur í farþegaskiptum: 158	Skipakomur í farþegaskiptum: 138
Fjöldi farþega: 321.867	Fjöldi farþega: 300.225	Fjöldi farþega: 265.229
Fjöldi farþega í almennum viðkomum: 165.413 (51%)	Fjöldi farþega í almennum viðkomum: 139.592 (46%)	Fjöldi farþega í almennum viðkomum: 121.317 (46%)
Fjöldi farþega í farþegaskiptum: 156.454 (49%)	Fjöldi farþega í farþegaskiptum: 160.633 (54%)	Fjöldi farþega í farþegaskiptum: 143.912 (54%)


Fjöldi íbúa og ferðamanna á dag í Reykjavík 2023



Útskýringar:

- Íbúar á höfuðborgarsvæðinu: Fjöldi íbúa 1. janúar 2023
- Ferðamenn í Reykjavík sem koma um Keflavíkurlugvöll: Tölur byggja á brottförum erlendra ferðamanna um Keflavíkurlugvöll fyrir hvern mánuð. Tekið er tillit til að ferðavenjukönnun Ferðamálastofu sýni að 90,6% ferðamanna koma til Reykjavíkur og dvelja þar að meðaltali í 2,9 nætur.
- Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum (komur til Reykjavíkur): Fjöldi farþega sem komu til hafna í Reykjavík á þeim degi sem flestir farþegar komu (Komur skipa í Hafnarfjörð eru ekki taldar með).
- Heildarfjöldi farþega í höfn í Reykjavík: Tekur tillit til allra skipa í höfn, ekki bara þeirra sem komu daginn sem flestir farþegar komu í land.
- Fjöldi íbúa og ferðamanna fer hæst í 270 þúsund á dag

Meðaltalsfjöldi ferðamanna og skemmtiferðaskipafarþega 2023



Útskýringar:

- Ferðamenn í Reykjavík sem koma um KEF: Tölur byggja á brottförum erlendra ferðamanna um Keflavíkurlugvöll fyrir hvern mánuð. Það er ekki mikil sveifla milli daga.
- Fjöldi skemmtiferðaskipafarþega (komur til Reykjavíkur): Meðaltal fjölda skemmtiferðaskipafarþega sem komu til hafna í Reykjavík í hverjum mánuði (Hafnarfjörður er ekki með)

Farþegar skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Í könnun á ferðahegðun farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík sem framkvæmd var af Rannsóknamiðstöð ferðamála 2023 var aldersdreifing og þjóðerni farþeganna skoðuð.

Meðalaldur þátttakenda var 60,5 ár. Hlutfall þeirra sem voru á aldersbilinu 18-39 ára voru einungis 9% svarenda, en um þriðjungur var á aldersbilinu 60-69 ára. Alls voru um 78% farþeganna á bilinu 50-79 ára.


Þátttakendur könnunarinnar voru frá alls 36 þjóðlöndum en flestir voru búsettir í Bandaríkjunum (26%), Bretlandi (26%) og Þýskalandi (25%). Hlutfall íbúa annarra landa var umtalsvert lægra.

Skiptifarþegar, það er þeir sem koma og/eða fara með flugi til landsins í tengslum við siglingu, voru um þriðjungur svarenda en almennir skipafarþegar voru tveir þriðju. Bandaríkjamenn voru í yfirgnæfandi meirihluta af skiptifarþegum eða 73%.

Langflestir reyndust ferðast með maka (69%) og önnur 17% voru á ferð með ættingjum.

[Farþegakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Faxafloahafnir 2023 \(faxafloahafnir.is\)](https://faxafloahafnir.is)

Upplýsingar um svarendur



Upplifun farþega skemmtiferðaskipa

Könnun Rannsóknamiðstöðvar ferðamála meðal skemmtiferðaskipafarþega í Reykjavík 2023 greinir einnig frá því að farþegar voru almennt mjög ánægðir með heimsóknina til Reykjavíkur. Ríflega helmingur sagðist mjög ánægður og þriðjungur ánægður.

Tveir þriðju hlutar farþega töldu líklegt að þeir mæli með Reykjavík sem áfangastað, en aðeins tveir af hverjum tíu töldu það ólíklegt. Bandaríkjamenn voru líklegastir til að mæla með heimsókn til Reykjavíkur á meðan Bretar voru ólíklegastir til þess.

Meðmælaskor (e. Net Promoter Score – NPS) mældist + 45 sem telst gott, en til samanburðar er NPS skor meðal ferðamanna á Íslandi +77,5 (2023).

NPS er alþjóðlegur mælikvarði sem gefur til kynna ánægju ferðamanna og hversu líklegir þeir eru til mæla með þjónustu við aðra. Allt hærra en +30 telst gott.


[Farþegakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Faxafloahafnir 2023 \(faxafloahafnir.is\)](https://faxafloahafnir.is)

NPS skor meðal ferðamanna með skemmtiferðaskipum (2023)

er
+45

sem telst gott (allt hærra en +30)

NPS skor meðal erlendra ferðamanna á Íslandi mældist +77,5 (2023)



Efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa á Íslandi

Faxaflóahafnir höfðu frumkvæði af gerð skýrslu sem unnin var af Reykjavík Economics vorið 2024 þar sem gerð var grein fyrir efnahagslegum áhrifum skemmtiferðaskipa.

Niðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að fjárhagslegur ávinningur íslenska hagkerfisins er umtalsverður en efnahagslegt umfang vegna komu skemmtiferðaskipa er metið á 37,2 milljarða króna árið 2023.

Heildarneysla farþega með skemmtiferðaskipum er 22-30 milljarðar, þar sem Bandaríkjamenn eru stærsti hlutinn. Útgjöld skiptifarþega eru að meðaltali um 72-92 þúsund krónur á meðan tveggja daga dvöl stendur.

Tekjur hafna á Íslandi vegna skemmtiferðaskipa voru 3,4 milljarðar króna á árinju 2023.

[Economic Impact Cruise Faxaflóahafnir VI](#)

Efnahagsleg áhrif
skemmtiferðaskipa á Íslandi

Júní 2024

REYKJAVÍK ECONOMICS
— HÓLD KAP —



Efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Rannsóknamiðstöð ferðamála gerði könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík sumarið 2023 eins og komið hefur fram. Könnunin var unnin fyrir Faxaflóahafnir að frumkvæði Ferðamálastofu með það að markmiði m.a. að auka þekkingu á útgjöldum og ferðahegðun farþeganna.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að farþegar nýta vel þá afþreyingu og þjónustu sem í boði er. Meðalútgjöld allra farþega í heild eru 44.717 kr.

Mikill munur er á útgjöldum almennra skipafarþega og skiptifarþega, en útgjöld skiptifarþega eru 2,8 sinnum hærrí en almennra skipafarþega.

Útgjöld eru hæst meðal skiptifarþega sem gista í landi. Að meðaltali verja þeir 2,15 nóttum í landi.

	Heildarútgjöld	Gisting	Veitingar	Afþreying	Samgöngur	Menning	Minjagripir	Verslun	Annað
Heildarsvörun	44.717	10.575	5.097	19.293	3.219	979	2.530	2.587	437
Skipafarþegar	27.912	0	1.887	20.171	728	554	2.051	2.047	474
Skiptifarþegar	78.462	30.958	11.754	17.952	8.361	1.855	3.520	3.701	361
Gistifarþegar	97.626	41.271	15.143	17.971	11.762	2.474	4.221	4.364	417
Aðrir skiptifarþegar	29.010	0	4.720	17.914	1.218	556	2.046	2.311	245

[Farþegakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Faxaflóahafnir 2023 \(faxafloahafnir.is\)](https://faxafloahafnir.is)

Samfélagsleg áhrif skemmtiferðaskipa

Framkvæmdar hafa verið reglulegar kannanir á viðhorfi íbúa höfuðborgarsvæðisins til ferðamanna og ferðaþjónustu almennt fyrst á vegum Höfuðborgarstofu en nú á vegum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ásamt könnunum á landsvísu á vegum Ferðamálastofu.


Árið 2022 eftir samdrátt í komum ferðamanna vegna Covid-19 faraldursins sögðust um 85% íbúa á höfuðborgarsvæðinu vera með jákvætt viðhorf til ferðamanna. Síðan þá hefur ferðamönnum aftur fjölgað ört í borginni og niðurstöður könnunar frá 2024 sýna að hlutfall íbúa með jákvætt viðhorf til ferðamanna hefur lækkað í 66%. Jafnframt telur meiri en helmingur svarenda að fjöldi ferðamanna sé orðinn mikill eða of mikill í miðborg Reykjavíkur yfir sumarmánuðina.

Árið 2023 gerði Ferðamálastofa sérstaka könnun um viðhorfi íbúa til skemmtiferðaskipa og farþega í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði sem framkvæmd var af Rannsóknarmiðstöð ferðamála.

Í Reykjavík voru flestir svarendur könnunarinnar á því að borgin ráði almennt vel við þjónustu farþega af skemmtiferðaskipum og að hafnaryfirvöld ráði vel við að taka á móti skipum (64%). Meirihluti svarenda í borginni (58%) taldi farþega skipanna eyða almennt litlu í landi.

Aðeins um einn af hverjum fjórum (25%) svarendum í Reykjavík taldi íbúa í borginni verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa. Hlutfall svarenda sem kvaðst forðast ákveðna staði í heimabyggðinni þegar skip eru í höfn var lægst í Reykjavík (19%). Þrír af hverjum fjórum (75%) svarendum hafa áhyggjur af mengun. Þá voru tveir af hverjum þremur (66%) svarendum mótfallnir því að fá fleiri skemmtiferðaskip í borgina.

Hér má sjá helstu niðurstöður úr könnuninni sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála framkvæmdi fyrir Ferðamálastofu haustið 2023 um viðhorf íbúa í Reykjavík til skemmtiferðaskipa.



[Viðhorfi íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)

[Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023 | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)

Umhverfisáhrif skemmtiferðaskipa

Á vefsíðu Umhverfisstofnunar kemur fram að vöktun á loftgæðum fyrir árið 2023 sýnir að í öllum tilvikum eru mælingar undir skilgreindum viðmiðunarmörkum samkvæmt reglugerð nr. 920/2016 líkt og árið 2022.

Greina má hækkun í styrk köfnunarefnissambanda í tengslum við viðveru skipa við Skarfabakka, en styrkur er í öllum tilvikum vel undir viðmiðunarmörkum reglugerðar. Niðurstöður mælinga leiða í ljós að svifryk er ekki hægt að rekja sérstaklega til skipa heldur virðist það fremur eiga uppruna í umferð á Sæbraut eða í starfsemi á hafnarsvæðinu.

Þá eru engin tengsl að sjá á styrk brennisteinsdíoxíðs, sem verður til við brunu á eldsneyti, við viðveru skipa við Skarfabakka.

Margt hefur áunnist á undanförunum árum hjá skipaútgerðum til að lágmarka neikvæð áhrif skemmtiferðaskipa á umhverfið.

Sem dæmi má nefna að mörg farþegaskip eru með sérstakar síur til varnar því að sót berst út í andrúmsloftið.

Ný lofthreinsikerfi farþegaskipa minnka losun brennisteinsvíoxíðs (So₂) um 98% og sífellt fleiri farþegaskip eru útbúin sólarrafhlöðum.

Einnig leggja útgerðir áherslu á að skemmtiferðaskip losi hvergi ómeðhöndlað skólp og að þau flokki allan úrgang sem komið er til móttökuaðila í höfn.

Samantekt: Skemmtiferðaskip á Íslandi

Hér er sett fram samantekt á helstu upplýsingum og gögnum um skemmtiferðaskip á Íslandi út frá sjálfbærnivíddum sem settar eru fram í Ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda.

EFNAHAGUR

- Efnahagslegt umfang vegna komu skemmtiferðaskipa til Íslands er metið á 37,2 milljarða króna árið 2023.
- Heildareyðsla ferðamanna af skemmtiferðaskipum á Íslandi er um 22-30 milljarðar.
- Útgjöld skiptifarþega eru að meðaltali um 72-92 þúsund krónur á meðan tveggja daga dvöl stendur á landinu.
- Tekjur hafna á Íslandi vegna skemmtiferðaskipa voru 3,4 milljarðar króna árið 2023.
- Útgjöld skiptifarþega eru 2,8 sinnum hærra en almennra skipafarþega.

GESTIR

- Tveir þriðju hlutar farþega sem komu til Reykjavíkur töldu líklegt að þeir mæli með Reykjavík sem áfangastað.
- NPS skor meðal ferðamanna með skemmtiferðaskipum í Reykjavík er +45 sem telst gott.

SAMFÉLAG

- 64% íbúa í Reykjavík eru á því að borgin ráði almennt vel við þjónustu vegna komu farþega af skemmtiferðaskipum og að hafnaryfirvöld ráði vel við að taka á móti skipum.
- 75% hafa áhyggjur af mengun.
- 66% eru mótfallin því að fá fleiri skemmtiferðaskip til borgarinnar.
- 25% telja íbúa í borginni verða fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa

UMHVERFI

- Vöktun á loftgæðum fyrir árið 2023 sýna að í öllum tilvikum er styrkur brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnissambanda og svifryks undir skilgreindum viðmiðunarmörkum samkvæmt reglugerð nr. 920/2016 líkt og árið 2022.
- Niðurstöður mælinga leiða í ljós að svifryk er ekki hægt að rekja sérstaklega til skipa heldur virðist það fremur eiga uppruna í umferð á Sæbraut eða í starfsemi á hafnarsvæðinu.

4. Stefnur og móttaka skemmtiferðaskipa

Dæmi frá Norðurlöndum

Við gerð stefnuskjalsins voru skoðuð mörg dæmi frá öðrum borgum og löndum sem hafa tekið skref í átt að sjálfbærri móttöku skemmtiferðaskipa.

Norðurlöndin hafa verið leiðandi í sjálfbærri þróun þar sem margar hafnir hafa innleitt aðferðir til að lágmarka umhverfisáhrif og stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu við móttöku skemmtiferðaskipa.

Víða hefur verið fjárfest í landtengingum sem gera skipum kleift að tengjast hreinni orku úr landi. Skipafélögum hafa einnig verið boðnir fjárhagslegir hvatar fyrir að nota hreinni orkugjafa, bæta úrgangsstjórnun eða fylgja strangari umhverfisstöðlum. Áhersla hefur verið lögð á að bæta meðhöndlun og endurvinnslu úrgangs frá skemmtiferðaskipum með aukinni flokkun og sjálfbærri förgun.

Jafnframt hafa ýmsar hafnir skilgreint þolmörk áfangastaða og komið á álagsstýringu ferðamanna til að tryggja að fjöldi skipa og ferðamanna valdi ekki óásættanlegum áhrifum á innviði, náttúru og samfélag.

Hér má finna dæmi um slíka álagsstýringu frá nokkrum svæðum:

Hafnir 2024	Hámarksfjöldi farþega á dag	Heildarfjöldi farþega á ári
Bergen	8.000	600.000
Stavenger	8.000	570.000
Osló	4.000	260.000
Svalbarði	1.000	67.000
Kaupmannahöfn	Takmörkun á fjölda skipa	750.000
Stokkhólmur	Takmörkun á fjölda skipa	650.000


Dæmi frá Norðurlöndum

Við gerð stefnuskjalsins var m.a. horft sérstaklega til þriggja áfangastaða:

- Ósló
- Stavanger
- Svalbarða

Svalbarði er sá áfangastaður sem er talinn vera kominn lengst með sína stefnu og þolmarkavinnu.

Nánar um stefnur, þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa á þessum þremur áfangastöðum er að finna í viðauka 2.



Dæmi frá Íslandi

Horft var til áfangastaða og hafna á Íslandi við gerð stefnuskjalsins. Hafnir víða um allt land hafa verið að stíga skref í átt að sjálfbærri móttöku skemmtiferðaskipa með því að setja hámark á fjölda skipa og farþega skemmtiferðaskipa sem tekið er á móti á hverjum degi. Auk þess hefur víða átt sér stað uppbygging innviða sem hefur áhrif á þolmörk áfangastaðanna.

Fyrir á árinu 2024 var birt stefna um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir hafnir Ísafjarðar og Grundarfjörð. Þar eru ýmis stefnumál sem snúa að sjálfbærri þróun, meðal annars skilgreining á hámarksfjölda farþega. Fjallað er um fjárhagslega hvata fyrir skipaútgerðir, áframhaldandi uppbyggingu innviða og aukið samstarf við hagaðila með markvissri miðlun upplýsinga. Einnig verði leitað leiða til að miðla upplýsingum um áfangastaðinn og tilmælum um umgengni beint til farþega skemmtiferðaskipa. Nánar er fjallað um stefnur hafna Ísafjarðar og Grundarfjarðar í viðauka 3.

Dæmi um hafnir sem skilgreint hafa hámarksfarþegafjölda á dag

- Ísafjörður: ásættanlegur pax 5000 – hámarks pax 7000
- Grundarfjörður: 4000 pax
- Seyðisfjörður: 3500 pax
- Djúpvogur: 2500 pax
- Borgarfjörður eystri: 500 pax
- Akureyri: Í vinnslu

Dæmi um hafnir sem skilgreint hafa hámarksskipafjölda á dag

- Húsavík: 3 skip
- Siglufjörður: 1 skip
- Patreksfjörður: 1 skip
- Eskifjörður: 1 skip
- Reykjanes: 1 skip
- Grímsey: 1 skip
- Hrísey: 1 skip

5. Aðgerðir hjá Faxaflóahöfnum fyrir áfangastaðinn Reykjavík

Aðgerðir hjá Faxaflóahöfnum

Faxaflóahafnir hafa verið leiðandi í sjálfbærri þróun hafna á Íslandi með innleiðingu á aðferðum til að lágmarka umhverfisáhrif og stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu við móttöku skemmtiferðaskipa.

Ný stefna Faxaflóahafna leit dagsins ljós í október 2024 en þar segir að Faxaflóahafnir ætli að þróast í takt við þarfir samfélagsins, atvinnulífsins og umhverfisins með því að reka öruggar, grænar og skilvirkar hafnir og tengja stærsta markaðs- og atvinnusvæði Íslands við umheiminn og miðin því þannig aukum við lífsgæði á Íslandi.

Miðað við núverandi innviði geta Faxaflóahafnir tekið á móti 10-12 þúsund farþegum á dag, eða að hámarki 5 skipum. Eins og víða á Norðurlöndum hefur meðal annars verið fjárfest í landtengingum, fjárhagslegir hvatar fyrir skipafélög innleiddir auk bókunarkerfis fyrir skemmtiferðaskip til álagsstýringar.

Hér á eftir eru nokkur dæmi:

DOKK bókunarkerfi

DOKK er íslenskt bókunarkerfi sem hefur verið þróað til að einfalda og bæta bókunarkerfi fyrir skemmtiferðaskip. Kerfið var tekið í notkun árið 2023 og er í eigu Faxaflóahafna og er nú notað í öllum helstu skemmtiferðaskipahöfnum á Íslandi.

Kerfið hefur auðveldað alla umsýslu við móttöku skemmtiferðaskipa fyrir hafnir, skipaumboðsmenn og skipafélög með því að sameina allar bókanir í rauntíma á einum stað.

Komur skemmtiferðaskipa eru skipulagðar allt að þremur árum fram í tímann, því er DOKK bókunarkerfið vel til þess fallið að álagsdreifa skipakomum svo að innviðir nýtist sem best og veitir þjónustuaðilum yfirsýn yfir skipakomur í hverri höfn sem auðveldar allan undirbúning í landi fyrir komu skipa.

[DOKK - Plot your port plan with DOKK](#)

Aðgerðir hjá Faxaflóahöfnum

Umhverfiseinkunnarkerfi

Faxaflóahafnir tóku upp á síðasta ári (2023) umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip að norski fyrirmynd, Environmental Port Index (EPI), með ívilnun eða álögum hafnargjalda eftir umhverfishegðun skipa á hafnarsvæði.

Markmiðið með þessu fjárhagslega hvatakerfi er að hvetja til komu umhverfisvænni og sjálfbærari skemmtiferðaskipa. Faxaflóahafnir voru fyrstu hafnir utan Noregs sem tóku upp EPI einkunnarkerfið og tengdu það við sína gjaldskrá fyrir árið 2023. Det Norske Veritas (DNV) er vottunaraðili EPI. Auk Faxaflóahafna styðjast einnig höfnin á Akureyri og Seyðisfirði við EPI.

Meðaltalseinkunn þeirra skipa sem komu 2023 til Faxaflóahafna var 41,1 stig af 100 mögulegum, sem er aðeins lægra en meðaltalseinkunn í Noregi sem var 45,7 stig.



[Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour | Vefsvæði Faxaflóahafna \(faxesloahafnir.is\)](#)

Landtengingar

Faxaflóahafnir hafa staðið að uppbyggingu landtenginga fyrir skemmtiferðaskip á Miðbakka og Faxagarði. Samhliða því hefur verið sett upp heitavatnslögn á Miðbakka sem nýtist til hitunar um borð í skemmtiferðaskipum meðan þau liggja við bakka, auk þess auk þess sem þrír afhendingastaðir rafmagns, heitt/kalt vatns verða settir upp á Austurbakka. Afhendingastaðirnir verða snjallvæddir að danskri fyrirmynd þar sem skemmtiferðaskip geta tengst rafmagni og vatni með sjálfsafgreiðslu.

Faxaflóahafnir eru í hópi fyrstu hafna í heiminum sem geta landtengt skemmtiferðaskip með rafmagni og er því stór áfangi fyrir Faxaflóahafnir og umhverfismál Reykjavíkurborgar. Horft var til Noregs sem hefur verið fyrirmynd Faxaflóahafna í framþróun umhverfismála hafna, en norskar hafnir eru framarlega á því sviði.

Aðgerðir hjá Faxaflóahöfnum

Ný farþegamiðstöð við Skarfabakka

Gert er ráð fyrir að móttaka farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík verði stórbætt með byggingu nýrrar fjölnota farþegamiðstöðvar við Skarfabakka í Sundahöfn.

Farþegamiðstöðin verður 5.700 fm og mun geta sinnt 3.500-4.000 farþegum á dag.

Miðstöðinni er ætlað að þjóna öllum gerðum farþegaskipa en mikil aukning hefur orðið á komu farþegaskipa og er fyrirsjáanleg aukning næstu ár.

Miðstöðinni er ætlað að þjóna sem landamærastöð með öryggisleit, farangursskönnun og tollaaðstöðu ásamt annarri þjónustu við farþega.



[Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour | Vefsvæði Faxaflóahafna \(fafxloahafnir.is\)](#)

6. Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Stefnuramma til ársins 2030

Stefna um þölmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík tilgreinir framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn þar sem sjálfbærni er lykilþáttur. Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi er horft til þess að stuðla að jákvæðum áhrifum skemmtiferðaskipa til framtíðar.

Stefnan byggir á fjórum sjálfbærnivíddum: efnahag, samfélagi, gestum og umhverfi. Stefnuáherslurnar eru reistar á umhverfisvitund, innviðum og skipulagi, álagsstýringu og samvinnu og samráði aðila. Um er að ræða sömu víddir og settar eru fram í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda fram til ársins 2030.

Stefnan byggir í grunninn á að mikilvægt sé að fylgjast með og meta þann fjölda skipa og farþega sem svæðið getur tekið á móti án þess að valda óásættanlegum áhrifum á umhverfi, samfélag og innviði. Skilgreining á því getur hins vegar breyst í takti við breytingar á innviðum.

Á árinu 2024 tóku Faxaflóahafnir á móti 259 skipum sem felur ekki í sér aukningu milli ára en aukningu í farþegafjölda milli ára. Bókunarstaðan fram í tímann gefur til kynna að það verði heldur ekki um aukningu að ræða á komandi árum og því er viðmiðið hér að fjöldi skipa og farþega haldi sér á svipuðum stað og síðustu tvö ár með um 230-260 skipakomur og 250–320 þús farþega en að aukning verði í hlutdeild farþegaskipta.

Með skýra framtíðarsýn sem byggir á sjálfbærnivíddunum er hægt að innleiða álagsstýringu á áhrifaríkan hátt og koma í veg fyrir of mikið álag á umhverfi og samfélag. Umhverfi og samfélag eru þær sjálfbærnivíddir sem eru hvað viðkvæmastar til lengri tíma lítið. Erfitt getur reynst að ná jafnvægi aftur ef þölmörkum samfélags og umhverfis er náð.


Lagt er til að stefnuramminn verði endurskoðaður reglulega að minnsta kosti á þriggja ára fresti fram til ársins 2030.

STEFNURAMMI

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030

Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurlóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.



Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum.

Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.

Stefnuáherslur


UMHVERFISVERND

ÁLAGSSTÝRING

INNVIÐIR OG ÞJÓNUSTA

SAMVINNA OG SAMRÁÐ

Meginmarkmið



Meginmarkmið: Efnahagur

Jákvæð efnahagsleg áhrif

EFNAHAGUR

Jákvæð efnahagsleg áhrif
Að hámarka efnahagslegan
ávinning með áherslu á nýsköpun
og eflingu á atvinnustarfsemi

Mikilvægt er að huga að efnahagslegu jafnvægi meðal annars til að koma í veg fyrir:

- **Of mikið álag á innviði:** Getur leitt til skertra þjónustugæða og aukins viðhaldskostnaðar.
- **Neikvæð áhrif á samfélagið og gesti:** Of margir gestir geta haft neikvæð áhrif á upplifun íbúa og gesta.
- **Neikvæð umhverfisáhrif:** Til að vernda náttúruauðlindir og tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.

ATVINNUTÆKIFÆRI OG ARÐSEMI

Auka atvinnutækifæri og styðja við svæðisbundin fyrirtæki

Í því felst meðal annars:

- **Bein störf:** Í höfninni, þjónustugreinum og ferðaþjónustu.
- **Óbein störf:** Í framleiðslu, dreifingu og viðhaldi skipa og innviða.
- Að vekja athygli á jákvæðum efnahagslegum áhrifum, beinum og óbeinum tekjum af komum skemmtiferðaskipa.

JAFNVÆGI Í FJÁRFESTINGUM

Tryggja að fjárfestingar í innviðum og þjónustu séu í jafnvægi og valdi ekki óásættanlegum kostnaði fyrir samfélagið

Í því felst meðal annars:

- **Hafnaraðstaða og þjónusta:** Áframhaldandi uppbygging á landtengingu hafna og viðhaldi á hafnaraðstöðu og þjónustu við skipafélög.
- **Samgöngur:** Bættar samgöngutengingar milli hafna og annarra hluta borgarinnar með áherslu á vistvænar almenningssamgöngur
- **Þjónusta:** Uppbygging á þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem bættar almenningssamgöngur og salernisaðstaða.
- **Skiptifarþegar:** Stuðla að því að auka hlut skiptifarþega sem skapar auknar tekjur og aukna nýtingu þjónustuframboðs í landi.
- **Tegund skipa:** Að huga að skiptingu og stærð skipa s.s. leiðangursskip

ÁBYRG NÝTING AUÐLINDA

Nýta auðlindir á skynsamlegan hátt til að tryggja langtíma ávinning fyrir efnahagslíf og umhverfi

Í því felst meðal annars:

- **Orkunotkun:** Notkun á umhverfisvænni orkugjöfum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- **Vatnsnotkun:** Skilvirk stjórnun á vatnsnotkun til að koma í veg fyrir sóun.
- **Úrgangsstjórnun:** Að draga úr neikvæðum áhrifum vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Samfélag

Ávinningur nærumhverfis

SAMFÉLAG

Ávinningur nærumhverfis
Að stuðla að jákvæðum
samfélagslegum áhrifum og að
nærumhverfi njóti ávinnings

Mikilvægt er að huga að samfélagslegu
jafnvægi meðal annars til að koma í veg fyrir:

- **Samfélagslegt álag:** Getur leitt til óánægju meðal íbúa, sérstaklega ef álag vegna skemmtiskipafarþega veldur auknum þunga á þjónustu og innviði.
- **Samfélagslegt ójafnvægi:** Að forðast að ferðaþjónustan verði til þess að skapa ójafnvægi í samfélaginu, þar sem aðeins ákveðnir hópar njóta ávinnings á kostnað annarra.

SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTAKA

Vinna að því að íbúar borgarinnar upplifi
jákvæð áhrif af komu gesta

Í því felst meðal annars:

- **Þátttaka íbúa:** Að skapa samstarfshóp hagaðila m.a. með þátttöku íbúa fyrir áfangastaðinn.
- **Upplýsingamiðlun:** Auka upplýsingamiðlun um áhrif og stöðu skemmtiferðaskipa sem hluta af ferðaþjónustu.

LÍFSGÆÐI ÍBÚA

Draga úr neikvæðum áhrifum á daglegt líf
borgarbúa og tryggja öryggi

Í því felst meðal annars:

- **Álagsstýring:** Að dreifa álagi vegna komu gesta á afmörkuðum svæðum og á ákveðnum tímum í samstarfi við nærliggjandi landssvæði.
- **Aukin þjónusta:** Að þróa þjónustu sem stuðlar að jákvæðri upplifun og gagnast bæði íbúum og gestum.
- **Öryggismál:** Að stuðla að auknu öryggi íbúa meðal annars með umferðarstýringu og öryggisráðstöfunum í tengslum við komu skemmtiferðaskipa og viðbragðsáætlunum.

MENNINGARUPPLIFUN

Skapa fjölbreytta menningarupplifun og
miðla sérstöðu menningararfs

Í því felst meðal annars:

- **Menningarleg upplifun:** Að stuðla að faglegu kynningarstarfi, fræðslu og leiðsögn, þannig njóti gestir fjölbreyttrar menningar og lista í borginni.
- **Samvinna við menningarstofnanir:** Að vinna náið með söfnum og menningarhúsum til að þróa framboð á menningarupplifunum og miðlun á menningararfinum.

Meginmarkmið: Umhverfi

Draga úr umhverfisáhrifum

UMHVERFI

Draga úr umhverfisáhrifum
Að lágmarka umhverfisáhrif
með því að draga úr losun
og stuðla að ábyrgri nýtingu
auðlinda

Mikilvægt er að huga að umhverfislegu
jafnvægi meðal annars til að stuðla að:

- **Sjálfbær nýting:** Að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda með því að setja reglur og viðmið um hámarksfjölda gesta sem hægt er að taka á mót á hverjum tíma.
- **Umhverfisvernd:** Álag á umhverfi getur leitt til mengunar, ofnýtingar á náttúruauðlindum og skemmda á vistkerfum

VERNDUN VISTKERFA

Draga úr mengun og neikvæðum umhverfisáhrifum á hafi og við strendur

Í því felst meðal annars:

- **Sjáravistkerfi:** Að draga úr mengun í hafi og stuðla að hreinni höfnum og strandsvæðum.
- **Líffræðilegur fjölbreytileiki:** Að vernda líffræðilegan fjölbreytileika í hafi og á landi, þar á meðal verndun á viðkvæmum tegundum og svæðum.

LOFTSLAGSMÁL OG LOFTGÆÐI

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengandi efna

Í því felst meðal annars:

- **Landtengingar:** Að ætíð séu nýttar landtengingar þar sem þess er kostur.
- **Orkugjafir:** Að hvetja til notkunar endurnýjanlegra orkugjafa til dæmis rafmagn.
- **Loftgæði:** Að minnka útblástur til að bæta loftgæði í borginni.

NÝTING NÁTTÚRAUÐLINDA

Tryggja að nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær og að tekið sé mið af viðkvæmum svæðum

Í því felst meðal annars:

- **Meðhöndlun úrgangs:** Að til staðar séu innviðir til að meðhöndla úrgang á umhverfisvænan hátt.
- **Flokkun og endurvinnsla:** Að draga úr soun og neikvæðum áhrifum á umhverfi vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Gestir

Gæði þjónustu

GESTIR

Gæði þjónustu
Að stuðla að jákvæðri
upplifun gesta með
framúrskarandi þjónustu,
snjallvæðingu og
upplýsingamiðlun

Mikilvægt er að huga að jafnvægi við móttöku gesta til að stuðla að:

- **Samfélagslegt jafnvægi:** Að tryggja að álag vegna gesta valdi ekki ójafnvægi og óöryggi í samfélaginu þar með talið umferðarálag og álags á vinsælum stöðum.
- **Sjálfbær nýting innviða:** Að meta og skilgreina hversu mikinn fjölda gesta innviðir borgarinnar geta tekið á móti án þess að skerða þjónustugæði.

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA OG UPPLIFUN

Þjóða upp á framúrskarandi þjónustu og upplifun fyrir gesti sem tekur mið af sjálfbærni

Í því felst meðal annars:

- **Framúrskarandi þjónusta:** Að bjóða upp á fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu svo sem með markvissri upplýsingamiðlun, viðeigandi innviðum og vistvænum samgöngum.
- **Upplýsingamiðlun og fræðsla:** Að upplýsa gesti um sjálfbærar ferðavenjur og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs.

ÁLAGSSTÝRING

Stýra fjölda gesta til að forðast of mikið álag á innviði og náttúru sem stuðlar að betri upplifun gesta

Í því felst meðal annars:

- **Skipulag:** Að greina álag á vinsælum áfangastöðum og skipuleggja heimsóknir gesta á viðkomandi stöðum með tilliti til ásætlanlegra viðmiða þeirra.
- **Stýring:** Að beina gestum á mismunandi svæði innan borgarmarka til að dreifa álagi sem af komu þeirra hlýst. Samvinna við nærliggjandi landssvæði er einnig mikilvæg þar sem koma gesta frá borginni hefur áhrif á til að forðast of mikið álag á ákveðnum tímum.

NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTA

Upplýsa gesti um sjálfbærni og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs

Í því felst meðal annars:

- **Samskipti við íbúa:** Að stuðla að því að samskipti gesta og íbúa séu jákvæð og byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu.
- **Verndun náttúru:** Að fræða gesti um mikilvægi þess að virða náttúru og vistkerfi.
- **Orkunotkun:** Að hvetja gesti til að nýta vistvænar samgöngur.
- **Menningartengdar upplifanir:** Að hvetja gesti til að taka þátt í menningarviðburðum og fræðast um menningu borgarinnar á ábyrgan hátt.

Stýrihópurinn vill koma með eftirfarandi ábendingar til stjórnvalda

Að gerð verði þolmarkagreining fyrir landið í heild þegar kemur að komum ferðamanna hvort sem er með flugi eða skipum. Skoða verði álag og þolmörk í samhengi við fjölda ferðamanna á t.d. höfuðborgarsvæðinu og helstu áfangastöðum á suðvesturhorninu á sama degi.

Að stjórnvöld og Almannavarnir geri viðeigandi viðbragðsáætlanir og samræmi fyrir landið í heild vegna komu skemmtiferðaskipa til landsins og kynni þær íbúum.

Að gerðar séu kröfur um að þau skemmtiferðaskip sem hér leggist við land fylgi reglum um viðunandi starfsumhverfi starfsmanna og fylgst sé með því að þeim sé framfylgt.


Að skattspor við móttöku skemmtiferðaskipa verði greint og áhrif þess á efnahag og er þar meðal annars horft til fyrirhugaðs innviðagjalds.

STEFNURAMMI

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030

Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurlóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.



Viðaukar

Viðauki I

Samtal við hagaðila

Hagaðilasamtal og vinnustofur

Tvær vinnustofur voru haldnar með hagaðilum.

Gerð var hagaðilagreining byggð á vistkerfi skemmtiferðaskipa og fengu 105 hagaðilar boð um að taka þátt í vinnustofunum. Alls voru í lokin 50 manns sem tóku þátt í vinnustofunum.

Rætt var einnig sérstaklega við aðila innan Cruise Iceland, aðra en hafnir, í þeim tilgangi að varpa enn frekara ljósi á viðfangsefni verkefnisins.

Hér er samantekt á efnislegum niðurstöðum vinnustofanna ásamt því hverja var tekið viðtal við.

Vinnustofurnar fóru fram á Hilton Reykjavík Nordica og fengu 105 hagaðilar boð um þátttöku. Á fyrstu vinnustofunni voru 24 þátttakendur og á seinni 26. Alls tóku því 50 hagaðilar þátt.

Markmið vinnustofanna: Að stuðla að samtali hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík í þeim tilgangi að ná fram lykílaherslum, áskorunum og tækifærum til framtíðar.

Flokkun hagaðila

Aðildarfélagar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Reykjavíkurborg

Stjórnsýsla / Opinberir aðilar

Samtök / Þjónustuaðilar

Viðbragðsaðilar

Fyrirtæki / Þjónustuaðilar

Aðildarfélagar Cruise Iceland (fyrir utan hafnir)

Stýrihópur

Þátttakendur á vinnustofum

Adda Rúna Valdimarsdóttir, Reykjavíkurborg
Andrea Sól Garðarsdóttir, Keahotels
Andri Ómarsson, Isavia
Anna Finnbogadóttir, Landhelgisgæslan
Anna Valdimarsdóttir, Bláa Lónið
Ásbjörn Jónsson, Elding
Ásdís Kristjánsdóttir, Harpa
Ásta Ólafsdóttir, Harpa
Birna Eggertsdóttir, Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur
Bjarki Svanþórsson, Keahotels
Björn Ragnarsson, Icelandia
Einar Karl Haraldsson, Hallgrímskirkja
Gísli J. Hallsson, Faxaflóahafnir
Grétar Már Garðarsson, Isavia
Gunnar R. Birgisson, Atlantik
Halldór Zoëga, Samgöngustofa
Hjördís Karen Hrafnisdóttir, Atlantik
Hjörtur Atli Guðmundsson, What's On/Tour Desk
Hulda Björk Guðmundsdóttir, Atlantik
Inga Dóra Hrólfsdóttir, Umhverfisstofnun
Ingunn Hjaltadóttir, Iceland Travel
Ingvar Örn Ingvarsson, Cruise Iceland
Íris Jóhannsdóttir, Gára ehf.
Jóhann Bogason, Gára ehf.
Kamma Thordarson, Reykjavíkurborg

Katrín Halldórsdóttir, Vegagerðin
Katrín Georgsdóttir, Elding
Kolbrún Georgsdóttir, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Lilja Sigrún Jónsdóttir, Íbúasamtök Laugardals
Lúðvik Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn
Óli Örn Eiríksson, Reykjavíkurborg
Óskar Páll Elfarsson, Icelandia
Páll Björgvin Guðmundsson, SSH
Ragnheiður Sverrisdóttir, Íbúasamtök Laugardals
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, Markaðsstofa Suðurlands
Rúnar Árnason, Bagbee
Salóme Rósa Þorkelsdóttir, Reykjavíkurborg
Sigrún Tryggvadóttir, Íbúasamtök miðborgar Reykjavíkur
Sigurður Jökull Ólafsson, Faxaflóahafnir
Sólrún Ólafsdóttir, Iceland Hotel Collection Berjaya
Stefán Smári Kristinsson, Bus Travel Iceland
Sunna Þórðardóttir, menningar- og viðskiptaráðuneyti
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, FlyOver Iceland
Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Unnur Elva Arnardóttir, Skeljungur
Valgerður Sigrún Vigfúsdóttir, Terra
Vernhard Guðnason, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Þóra Matthildur Þórðardóttir, Special Tours
Þórdís Pálsdóttir, Íslandshótel

Vinnustofur - Mentimeter

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur í gegnum Mentimeter:

1. Nefndu eitt orð sem kemur upp í hugann þegar þú heyrir „Móttaka skemmtiferðaskipa í Reykjavík“?
2. Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?
3. Hvað hefur gengið vel við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?
4. Hvar liggja tækifæri til úrbóta við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Vinnustofur – Niðurstöður úr Mentimeter

Spurning 2: Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:

- Álag á innviði
- Þolmörk og álagsstýring í höfnum og á fjölsóttum áfangastöðum
- Skipulag og mönnun við móttöku – álagspunktur þegar margir koma á sama tíma
- Dreifing farþega innan og utan borgarmarka
- Samgöngur og aðstaða fyrir skiptifarþega
- Álag á náttúru – mengun og loftgæði
- Öryggismál skipa og farþega í landi og á sjó

Spurning 3: Hvað hefur gengið vel við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:

- Þjónusta hafnarinnar
- Samvinna þjónustuaðila
- Farþegastýring – bókað með löngum fyrirvara sem auðveldar allt skipulag
- Sérhæfing og sérþekking þjónustuaðila sem svarar kröfum útgerða og ferðamanna
- Skapar atvinnutækifæri og auknar tekjur fyrir samfélagið

Vinnustofur – Niðurstöður úr Mentimeter

Spurning 4: Hvar liggja tækifæri til úrbóta við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

Áherslur – rauði þráðurinn:

- Rafmagnsvæðing hafna
- Betri aðstaða við móttöku og stafræna upplýsingamiðlun til farþega og þjónustuaðila
- Loftlagsmál - minni mengun með umhverfisgæðakröfum og stýringu
- Farþegar dvelji lengur í borginni – fjölga áfangastöðum innan borgarinnar – ekki bara Harpa
- Samvinna við nærumhverfi og íbúa
- Menning og listir – markvissari upplýsingamiðlun til markhópsins um hvað er í boði

Vinnustofur - Umræður

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur til umræðu á borðum:

1. Hverjar ættu lykiláherslur að vera til framtíðar við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?
2. Hver teljið þið vera þolmörk við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?
3. Er eitthvað að gleymast sem hefur ekki verið rætt í dag?

Vinnustofur – Niðurstöður úr umræðum

Spurning 1: Hverjar ættu lykiláherslur að vera til framtíðar við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

- Innviðaupbygging – vandaðir innviðir styðja við álagsstýringu og hafa áhrif á þolmörk, byggja upp innviði sem nýtast jafnt íbúum og gestum, almenningssamgöngur t.d. rafrútur og Viðeyjarferja
- Minni mengun; mengunarvarnir, raftengingar og bættar samgöngur í landi
- Bætt upplýsingagjöf til fyrirtækja, við önnur svæði (t.d. Gullna hringinn), til íbúa og hafa samráð og virkt samtal hagaðila – skapa vettvang fyrir samtal, fræðslu og skipulag
- Öryggismál - efla samtal um öryggi
- Bætt dreifing farþega um borgina og dreifing skipa á daga
- Auknar tekjur – áhersla á skiptifarþega sem skila þrefalt meiri tekjum

Spurning 2: Hver teljið þið vera þolmörk við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík?

- Þolmörk ráðast af skipulagi og þolmörkum annarra staða (innviðir utan höfuðborgarinnar)
- Þolmörk farþegafjölda með skemmtiferðaskipum í Reykjavík er að hámarki 8-10 þúsund farþegar á dag
- Fjöldi farþega þarf að miðast við fjöldann sem við ráðum við að sinna ef það verður slys og þann fjölda sem við náum að þjónusta.
- Við höfum ráðið við hámark sem hefur komið með bættu skipulagi en ekki meira en það.
- Aukið álag á heilsugæslu, sjúkrahús og útköll viðbragðsaðila lækkar þolmörkin
- Þolmörk íbúa - taka þarf tillit til og ræða hvenær komið er að þolmörkum samfélagsins
- Öryggismál - áhættumeta siglingar í kringum landið - hvernig við bregðumst við ef það verður óhapp

Vinnustofur – Niðurstöður úr umræðum

Spurning 3: Er eitthvað að gleymast sem hefur ekki verið rætt í dag?

- Náttúruvernd, t.d. friðaðar eyjar (Engey, Viðey) - ef það verður slys hefur það áhrif á lífríki
- Fjölga áfangastöðum með vöruþróun og bættum samgöngum
- Skörun við stóra viðburði - tímasetningin skiptir máli, er t.d. verið að fá stór skip á Menningarnótt
- Skapa ímynd fyrir Reykjavík sem hafnarborg fyrir ákveðna tegund skipa og farþega.
- Leigubílaástandið í Reykjavík er eins og villta vestrið
- Almenningsamgöngur - ekki hægt að greiða með símunum í strætó

Viðtöl við hagaðila

Viðtöl voru tekin með óformlegum hætti við fulltrúa neðangreindra hagaðila:

- Atlantik – Gunnar Rafn Birgisson
- Iceland Travel – Emma Kjartansdóttir
- Gára – Íris Jóhannsdóttir og Jóhann Bogason
- Íslandsstofa – Þorleifur Þór Jónsson
- Umhverfisstofnun – Inga Dóra Hrólfsdóttir

Einnig var rætt við fulltrúa frá öðrum höfnum og áfangastöðum:

- Formaður bæjarráðs Ísafjarðar - Gylfi Ólafsson
- Vestfjarðastofa - Sölvi Guðmundsson
- Áfangastaðastofa Vesturlands – Margrét Björk Björnsdóttir

Viðauki II

Dæmi um stefnur og móttöku skemmtiferðaskipa á Norðurlöndunum

Osló

- Oslóarhöfn stefnir að því að verða núllosunarhöfn (Zero-emission port) árið 2050
- Höfnin stefnir að því að minnka 85% af losun koltvísýrings fyrir árið 2030
- Osló er sjötta stærsta skemmtiferðaskipahöfn Noregs miðað við farþegafjölda.
- Frá rafstöðinni á Vippetangen fer raforka í rafkerfi skipanna og tengjast þau hnökralaust við netið með hjálp kapalkrana sem búinn er háspennustreng.
- Hægt er að slökkva á dísilknúnum hjálparvélum um borð á meðan ferjurnar eru knúnar hreinu rafmagni.
- Höfnin er einnig að kynna annað eldsneyti og nýja tækni, byggja upp innviði fyrir losunarlausar lausnir og byggja upp landorku fyrir skip.




Stavanger

- Stavanger er leiðandi í sjálfbærri þróun hafna í Noregi
- Höfnin tekur á móti hátt í 500.000 skemmtiferðaskipafarþegum á hverju ári
- Sameiginleg stefnumótun og samstarf ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs við uppbyggingu innviða með áherslu á nýsköpun
- Höfnin gegnir lykilhlutverki í því að tryggja að eigendasveitarfélögin nái umhverfis- og loftslagsmarkmiðum sínum
- Áhersla á umhverfið, í byggingum og á hafnarbakkanum, veita græna hafnarþjónustu byggða á alþjóðlegum staðli, eru einnig með umhverfisáherslur í huga við innkaup og fjárfestingar
- Landtengingar og verkefni um raforkulausnir (vetni, vindorka, fljótandi jarðgas, rafmagn ofl)
- Svæðisbundin þróun þar sem gert er ráð fyrir land- og bryggjurými og framtíðaruppbyggingu miðstöðvar fyrir umhverfisvænar almenningssamgöngur á sjó og landi fyrir 2030.



Svalbarði - Longyearbyen

- Visit Svalbard hefur útbúið grunn að þolmarkagreiningu sem er leiðarvísir fyrir frekara mat á þolmörkum fyrir skemmtiferðaskip og áfangastaðinn.
- Greiningin veitir innsýn í hvernig skemmtiferðaskipin hafa áhrif á nærsamfélagið og umhverfið á Svalbarða og er greiningin grundvöllur að ákvarðanatöku fyrir frekari þróun.
- Fram kemur að skemmtiferðaskipatengd starfsemi skuli lúta sömu sjálfbærniðmiðum og meginreglum og ferðapjónusta á landi.
- Mikil staðbundin verðmætasköpun og lítil kolefnislosun munu stýra því hvaða skip áfangastaðurinn setur í forgang.



[Engeset, Løseth & Dannevig 2024 Kunnskapsgrunnlag for vurderingar av tolegrenser for cruiseturisme i Longyearbyen.pdf \(visitsvalbard.com\)](#)

Greiningin byggir á sjö þolmarkavíddum

- Efnahagur: Tekjur, staðbundin verðmætasköpun og útgjöld ferðamanna í landi.
- Samfélag: Viðhorf íbúa, viðhorf gesta og ánægja gesta (NPS)
- Umhverfi: Staðbundnar umhverfisáskoranir og losun gróðurhúsalofttegunda
- Lög og reglur: Vekja athygli á lögum og reglum sem hafa bein eða óbein áhrif á starfsemi skemmtiferðaskipa
- Hafnir: Afkastageta, leiðangurssiglingar fleiri en hefðbundin skip og dreifing viðkomuskipa í hafnir yfir árið
- Atvinnulíf: Viðhorf atvinnulífs, atvinnusköpun og vistkerfi þjónustuaðila og fyrirtækja
- Sjónræn áhrif: Áhrif á miðbæjarbraginn, sjónlína (sýnileiki skipa) og upplifun íbúa og gesta

Svalbard Cruise Forum

- Svalbard Cruise Forum var stofnað að frumkvæði Visit Svalbard í febrúar 2023 sem samstarfsverkefni helstu hagaðila sem koma að móttöku skemmtiferðaskipa á staðnum.
- Markmiðið er að auka staðbundin efnahagsleg áhrif og lágmarka umhverfisfótspor sveitarfélaga með samtali atvinnugreinarinnar og atvinnulífsins, íbúa og gesta. Mikilvægt að hafa notandann við borðið líka þegar unnið er að lausnum.
- Markaðssetning Svalbarða á ábyrgan hátt er lykilatriði í stefnu Visit Svalbard. Hagaðilar sem koma að móttöku skemmtiferðaskipa tala einni röddu þar sem áhersla er á sanngildi og menningararfleifð áfangastaðarins við upplýsingamiðlun til gesta.
- Náttúra Svalbarða er viðkvæm og jafnvægi þarf að ríkja á milli verndar og nýtingar. Sjálfbær þróun skiptir meira máli nú en nokkru sinni fyrr.
- Skemmtiferðaskipagestir eru jafnan um það bil 50% af ferðþjónustunni til Svalbarða og heimsækja staðinn frá miðjum apríl fram í miðjan október.
- Innovation Norge styrkir verkefni sem styðja við sjálfbæra þróun áfangastaða sem Visit Svalbard er hluti af og innleiðir þannig staðbundnar aðgerðir og auka vitund um sjálfbærni meðal ferðþjónustunnar, íbúa og gesta. Nafnið á verkefninu gefur til kynna að áfangastaðir stundi langtímvinnu að aukinni sjálfbærni. Innovation Norge styður við verkefnið „sjálfbær áfangastaður“ en skemmtiferðaskip eru ekki þar undir þegar kemur að markaðssetningu.
- Ferðþjónustufyrirtækin á staðnum leggja sig fram um að hugsa vel um umhverfið og minnka umhverfisfótspor sitt með sjálfbærniáðgerðum í sínum rekstri.

[Svalbard Cruise Forum \(visitsvalbard.com\)](https://visitsvalbard.com)

Viðauki III

Dæmi um stefnur og móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi

Ísafjörður

Ísafjörður hefur sett fram stefnu og aðgerðaáætlun fyrir móttöku skemmtiferðaskipa fyrir árin 2024-2026.

Í stefnunni eru lögð fram þolmörk eða viðmið um hámarksfarþegafjölda sem miða skal við.

Horft var til stærstu komudaga sumarsins og álagið metið og byggt á svæðisbundinni sérfræðipækkingu hagaðila. Samhljómur var meðal hagaðila um að augljóst væri hvenær álag var of mikið.

Uppbygging innviða hefur létt á álagi og haft áhrif á þolmörk til hins betra. Hvað varðar þolmörk íbúa á Ísafirði þá var greinilegt hvar þau lágu þar sem óánægjuraddir íbúa urðu háværari við ákveðinn fjölda gesta sem voru í bænnum á sama tíma.

Með stefnunni vildi sveitarstjórn einnig senda út skýr skilaboð um að það væri verið að huga að þessum málum og að gripið yrði til aðgerða til að lágmarka neikvæð áhrif komu skipanna.

Hvernig voru þolmörk metin og ákveðin?

- Verkefnið skilgreint í áfangastaðaáætlun - mótun stefnu og skilgreining þolmarka vegna komu skemmtiferðaskipa
- Verkefnið á borði sveitarstjórnar sem var framkvæmdaraðili þar sem stefnan var mótuð og þolmörk skilgreind í samráði við hafnarstjóra og helstu hagaðila
- Tekið mið af reynslu og þekkingu - rætt var við íbúa og hagaðila á svæðinu (vinnustofur og opinbert umsagnarferli)
- Ákveðnir ferlar sem fara í gang við komu hvers skips m.v. stærð og fjölda gesta
- Þolmörk fyrst sett fram 6-8 þús farþegar – voru lækkuð í 5-7 þús

[stefna-og-adgerdaaetlun-um-mottoku-skemmtiferdaskipa-vid-hafnir-isafjardarbaejar-2024-2027.pdf \(isafjordur.is\)](#)

Ísafjörður – stefna um móttöku skemmtiferðaskipa

Helstu áherslur:

- Áfram unnið að undirbúningi að rafvæðingu hafnarinnar.
- Setja upp lifandi mælaborð þar sem birt eru helstu gögn og upplýsingar
- Höfnin setur á stofn Skemmtiferðaskipasjóð sem hefur tvíþætt hlutverk:
 - 1) styrkir sjálfstæð verkefni sem efla höfnina sem áfangastað
 - 2) styrkja menningu og félagslíf í bænum
- Almennt skulu skemmtiferðaskip ekki taka land utan hafna
- Ráðist verður í hönnun á húsi fyrir farþegamóttöku – framkvæmdir hefjast 2025
- Verkfræðistofa hannar gönguleiðir, skipuleggur öryggismál og aðgengi
- Hafnarstjóri hefur frumkvæði að því að halda tvo fundi á ári með hagaðilum
- Unnið verði að varanlegri lausn á salernismálum
- Leitað verður allra leiða til að miðla upplýsingum til farþega og þjónustuaðila
- Þolmörk - ásættanlegur pax 5000 – hámarks pax 7000 á dag

Í stefnunni og aðgerðaráætlun eru taldir upp verkferlar sem taka mið af fjölda farþega í höfn.

	0–1 þ.	1–3 þ.	3–6 þ.	6–8 þ.	8 þ.+
Hafnarstræti göngugata			x	x	á e.v.
Upplýsingamiðstöð opin	x	x	x	x	á e.v.
Tvöföld vakt á upplýsingamiðstöð			x	x	á e.v.
Tryggð opnun á Ísafjarðarkirkju og Safnahúsi		x	x	x	á e.v.
Samræmd opnun á einkarekinni þjónustu*			x	x	á e.v.
Menningarviðburðir fjármagnaðir af höfninni, t.d. á Silfurtorgi			x	x	á e.v.
Skip hvött til að fara annað**				x	á e.v.
Lokað fyrir bókanir fleiri skipa**					x

*Fyrirtæki/verslanir/veitingahús skv. heiðursmannasamkomulagi sem höfnin gæti haft frumkvæði að. Einkum snýst þetta um að tryggja opnun um helgar þegar ella væri lokað.

** Fjöldatölur miðast við fjölda að því skipi sem er að bóka sig meðtölu.

[stefna-og-adgerdaaaetlun-um-mottoku-skemmtiferdaskipa-vid-hafnir-isafjardarbaejar-2024-2027.pdf](#)
(isafjordur.is)

Grundarfjörður

Grundarfjörður setti stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa. Hvernig voru þolmörk metin og ákveðin?

- Verkefni um mótun stefnu og skilgreining þolmarka vegna komu skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðar féll undir eina af lykiláherslum svæðisins í áfangastaðaáætlun
- Stefnan var á borði sveitarstjórnar og í samráði við hafnarstjóra
- Þolmörk ákveðin af sveitarstjórn og hafnarstjóra út frá reynslu og sérfræðipækkingu á svæðinu
- Framkvæmd verkefnis í höndum Áfangastaðastofu Vesturlands
- Samráð við íbúa og hagaðila á svæðinu (vinnustofur)
- Þolmörk ákveðin og miðast við 4000 farþega á dag

<https://www.west.is/is/moya/page/mottaka-skemmtiferdaskipa-og-skipafartheega-a-snaefellsnesi>

Fylgiskjal 1

Sérálit vegna stefnumótunar stýrihóps um þolmörk móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Sett er fram eftirfarandi tillaga að þolmörkum:

Fjöldi herbergja (káeta) á skemmtiferðaskipum í höfnum Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sé að hámarki því sem nemur 50% af framboðnum hótélherbergjum í borginni. Í dag eru 5.500 framboðin hótélherbergi í Reykjavík, sem þýðir að fjöldi herbergja í skipum nemi ekki meira en 2.750 í höfn á hverjum tíma. Herbergi fyrir starfsfólk séu ekki talin þar með.

Slíkt hámarksþak verði tekið til endurskoðunar á komandi misserum í ljósi reynslunnar og þá eftir að búið verður að leggja innviðagjald á skemmtiferðaskip eins og boðað er í þingsályktun um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030.

Rökstuðningur:

Stöðugt fleiri hafnir um heiminn hafa verið að setja komum skemmtiferðaskipa skorður, bæði með tilliti til umhverfisáhrifa og til að draga úr massatúrisma. Þær ákvarðanir byggja á langtímahagsmunum slíkra svæða af ferðamennsku fremur en skammtímaávinningi af því að ná sem mestum tekjum á hverju ári. Slík inngrip eru talin nauðsynleg til að stemma stigu við auknum ágangi slíkra skipa síðustu áratugi þar sem hvorki samfélög, innviðir né náttúra hafa ráðið við hinn hraða vöxt ferðamanna sem þeim fylgir.

Í opinberri umræðu um fjölda ferðamanna til Íslands er aldrei tekið tillit til þess mikla fjölda sem hingað er farinn að koma með skemmtiferðaskipum, einkum á sumrin sem er annatími ferðapjónustunnar, og mikið álag á öðrum innviðum samgangna en höfnum. Það er áhugavert í ljósi þess að skoðanakannanir hafa sýnt að neikvæðni landsmanna gagnvart ferðamönnum eykst ef þeim þykir fjöldinn vera orðinn of mikill. Nú síðast lét Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins gera slíka könnun meðal borgarbúa þar sem þetta viðhorf var skýrt. Skemmtiferðaskip sigla nær eingöngu til Íslands yfir sumarið, háannatíma íslenskrar ferðapjónustu þegar álagið er mest og flestir þættir ferðapjónustunnar við þolmörk.

Stærstur hluti skemmtiferðaskipa sem sækir Ísland heim hefur viðkomu í Reykjavík. Við ákvörðun um ásættanleg viðmið varðandi fjölda og/eða stærð skemmtiferðaskipa sem Reykjavíkurborg telur skynsamlegt að taka á móti á hverju ári er mikilvægt að horfa til fyrrnefndra þátta sem og á heildarmyndina. Þannig er ekki nóg að horfa á getu hafna til að taka móti skipum eða á áhrif þeirra á nærumhverfið, heldur þarf að meta álag á innviði og upplifun ferðmanna af þeim náttúruperlum sem farþegar skipanna sækja heim. Þá ber að horfa til þess, eins og fram kemur í nýsamþykktri þingsályktun um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, að skemmtiferðaskip eru undanþegin flestum þeim sköttum og gjöldum sem gististöðum í landi ber að greiða ríki og sveitarfélögum. Spurningin lýtur þannig ekki aðeins að því hversu mörg skemmtiferðaskip við viljum sjá hér á landi, heldur hvernig ferðamannaland viljum við að Ísland sé til framtíðar.

Það liggur fyrir að ákvörðun Reykjavíkurborgar í þessum efnunum hefur ekki aðeins áhrif á borgina sjálfa heldur á ferðapjónustuna í heild sinni á suðvesturhorni landsins sem og á öll nærliggjandi sveitarfélög. Slík viðmið sett af stærsta sveitarfélaginu eru einnig líkleg til að vera stefnumarkandi í þessum efnunum fyrir önnur sveitarfélög landsins.

Í ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2020-2025 segir að eitt af þremur meginmarkmiðum borgarinnar sé að **ferðapjónustan sé sjálfbær** og haldist í hendur við áframhaldandi uppbyggingu og þróun borgarinnar í heild og í **sátt við borgarsamfélagið**.

Í uppleggi að vinnu stýrihópsins sem samþykkt var í forsætisnefnd 12. mars síðastliðinn segir að markmið sé **að skapa sameiginlega sýn hagaðila** sem nýtist sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og álagsstýringu.

Erfitt er að sjá að vinna stýrihópsins samræmist ferðamálastefnu borgarinnar sem er að stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu í sátt við samfélag. Þá hefur heldur ekki tekist að skapa sameiginlega sýn hagaðila í starfi stýrihópsins, eins og upplegg forsætisnefndar kveður á um. Þvert á móti hafa komið fram skýrar ábendingar um þörfina á að takmarka komur skemmtiferðaskipa sem hafa viðkomu í borginni. Markmið Reykjavíkurborgar hefur verið að byggja upp sjálfbæra heilsársferðapjónustu í góðri sátt við íbúa.

Reykjavík, 30. október 2024.

Kristófer Oliverson, framkvæmdastjóri Miðbæjarhótel/Centerhotels

Heimildir

Heimildir

Neðangreindar heimildir voru skoðaðar og rýndar frá mars til september 2024

Forsendur:

- [Stjórnarráðið | Ferðamálastefna til 2030 \(stjornarradid.is\)](#)
- [1995/154 þál. í heild: ferðamálastefna og aðgerðaáætlun til ársins 2030 | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)
- [Græna Planið ÍSL_lowres.pdf \(reykjavik.is\)](#)
- [Græna planið | Reykjavík](#)
- [Tourism and the Sustainable Development Goals – Journey to 2030 | UN Tourism \(unwto.org\)](#)
- [Hlutverk og framtíðarsýn | Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour \(faxaflaohafnir.is\)](#)
- [Good practices for sustainable cruise tourism \(europa.eu\)](#)
- [PowerPoint Presentation \(stjornarradid.is\)](#)

Gögn og kannanir:

- [Skemmtiferðaskip | Mælaborð ferðabjónustunnar \(maelaborðferdathjonustunnar.is\)](#)
- [Farþegakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Faxaflóahafnir 2023 \(rmf.is\)](#)
- [Ferðabjónusta - Hagstofa Íslands](#)
- [Economic Impact Cruise Faxaflaohafnir VI](#)
- [Laugarnes loftgæði \(faxaflaohafnir.is\)](#)
- [Statistics | Cruise Europe](#)
- [Farþegakönnun meðal farþega skemmtiferðaskipa við Faxaflóahafnir 2023 \(faxaflaohafnir.is\)](#)
- [Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðabjónustu 2023 | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)
- [Viðhorfi íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðabjónstu | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)
- [Viðhorf íbúa til skemmtiferðaskipa og farþega: Niðurstöður könnunar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)

Dæmi frá nágrannalöndum:

- [AECO | Association of Arctic Expedition Cruise Operators](#)
- [Engeset, Løseth & Dannevig 2024 Kunnskapsgrunnlag for vurdering av tvølegrenser for cruisetur ismei Longyearbyen.pdf \(visitsvalbard.com\)](#)
- [Svalbard Cruise Forum \(visitsvalbard.com\)](#)
- [Heim | Vestlandsforskning \(vestforsk.no\)](#)
- [Oslo Havn - Shore power at Port of Oslo](#)
- [Cruise - Stavangerregionen Havn IKS \(stavangerhavn.no\)](#)
- [Calls for unity in Stavanger to combat negative press \(seatrade-cruise.com\)](#)
- [Copenhagen is Europe's Leading Cruise Port in 2024 | Copenhagen Malmö Port \(CMP\) \(cmport.com\)](#)

Heimildir

Skemmtiferðaskip:

- [2024 State of the Cruise Industry Report | CLIA UK \(cruising.org\)](#)
- [Maritime Labour Convention, 2006 | International Labour Organization \(ilo.org\)](#)
- [Subcommittee on Wages of Seafarers of the Joint Maritime Commission | International Labour Organization \(ilo.org\)](#)
- [ITF agreements | ITF Seafarers \(ilo.org\)](#)
- [Before you board | ITF Seafarers](#)
- [Fjöldi skemmtiferðaskipa og farþega | Ferðamálastofa \(ferdamalastofa.is\)](#)
- [Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour | Vefsvæði Faxaflóahafna \(faxaflaohafnir.is\)](#)
- [DOKK - Plot your port plan with DOKK](#)
- [154-2746.pdf \(althingi.is\)](#)
- <https://www.cruiseiceland.com/>
- [Cruise Iceland | Ports and services](#)
- [State of the Cruise Industry report | CLIA UK \(cruising.org\)](#)

Heimildir vegna stefnu:

- [Umhverfisstofnun | Forsíða](#)
- [Microsoft Word - 3 Verkefnaaatlun 2018-2020_20180322 \(ferdamalastofa.is\)](#)
- [stefna-og-adgerdaaatlun-um-mottoku-skemmtiferdaskipa-vid-hafnir-isafjardarbaejar-2024-2027.pdf \(isafjordur.is\)](#)
- [Stjórnarráðið | Álagsmat \(stjornarradid.is\)](#)
- [Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi | Upplifðu Vesturland \(west.is\)](#)

Aðrar heimildir:

[Fyrsta landtenging skemmtiferðaskips á Miðbakka í Reykjavík | Faxaflóahafnir / Reykjavík harbour \(faxaflaohafnir.is\)](#)

Unnið af Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins 2024 fyrir



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT **REYKJAVÍK**

Ábyrgðarmaður
Reykjavíkurborg

Umbrot og hönnun
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Ljósmyndir:
Ragnar Th. Sigurðsson

Október 2024

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til 2030

Unnið af Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins 2024 fyrir



Reykjavík



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



Stefnuramma til ársins 2030

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík tilgreinir framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn þar sem sjálfbærni er lykilþáttur. Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi er horft til þess að stuðla að jákvæðum áhrifum skemmtiferðaskipa til framtíðar.

Stefnan byggir á fjórum sjálfbærnivíddum: efnahag, samfélagi, gestum og umhverfi. Stefnuáherslurnar eru reistar á umhverfisvitund, innviðum og skipulagi, álagsstýringu og samvinnu og samráði aðila. Um er að ræða sömu víddir og settar eru fram í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun stjórnvalda fram til ársins 2030.

Stefnan byggir í grunninn á að mikilvægt sé að fylgjast með og meta þann fjölda skipa og farþega sem svæðið getur tekið á móti án þess að valda óásættanlegum áhrifum á umhverfi, samfélag og innviði. Skilgreining á því getur hins vegar breyst í takti við breytingar á innviðum.

Á árinu 2024 tóku Faxaflóahafnir á móti 259 skipum sem felur ekki í sér aukningu milli ára en aukningu í farþegafjölda milli ára. Bókunarstaðan fram í tímann gefur til kynna að það verði heldur ekki um aukningu að ræða á komandi árum og því er viðmiðið hér að fjöldi skipa og farþega haldi sér á svipuðum stað og síðustu tvö ár með um 230-260 skipakomur og 250–320 þús farþega en að aukning verði í hlutdeild farþegaskipta.

Með skýra framtíðarsýn sem byggir á sjálfbærnivíddunum er hægt að innleiða álagsstýringu á áhrifaríkan hátt og koma í veg fyrir of mikið álag á umhverfi og samfélag. Umhverfi og samfélag eru þær sjálfbærnivíddir sem eru hvað viðkvæmastar til lengri tíma litð. Erfitt getur reynst að ná jafnvægi aftur ef þolmörkum samfélags og umhverfis er náð.


Lagt er til að stefnuramminn verði endurskoðaður reglulega að minnsta kosti á þriggja ára fresti fram til ársins 2030.

STEFNURAMMI

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030

Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurlóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.



Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurslóðum.

Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.

Stefnuáherslur


UMHVERFISVERND

ÁLAGSSTÝRING

INNVIÐIR OG ÞJÓNUSTA

SAMVINNA OG SAMRÁÐ

Meginmarkmið



Meginmarkmið: Efnahagur

Jákvæð efnahagsleg áhrif

EFNAHAGUR

Jákvæð efnahagsleg áhrif
Að hámarka efnahagslegan
ávinning með áherslu á nýsköpun
og eflingu á atvinnustarfsemi

Mikilvægt er að huga að efnahagslegu jafnvægi meðal annars til að koma í veg fyrir:

- **Of mikið álag á innviði:** Getur leitt til skertra þjónustugæða og aukins viðhaldskostnaðar.
- **Neikvæð áhrif á samfélagið og gesti:** Of margir gestir geta haft neikvæð áhrif á upplifun íbúa og gesta.
- **Neikvæð umhverfisáhrif:** Til að vernda náttúruauðlindir og tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.

ATVINNUTÆKIFÆRI OG ARÐSEMI

Auka atvinnutækifæri og styðja við svæðisbundin fyrirtæki

Í því felst meðal annars:

- **Bein störf:** Í höfninni, þjónustugreinum og ferðaþjónustu.
- **Óbein störf:** Í framleiðslu, dreifingu og viðhaldi skipa og innviða.
- Að vekja athygli á jákvæðum efnahagslegum áhrifum, beinum og óbeinum tekjum af komum skemmtiferðaskipa.

JAFNVÆGI Í FJÁRFESTINGUM

Tryggja að fjárfestingar í innviðum og þjónustu séu í jafnvægi og valdi ekki óásættanlegum kostnaði fyrir samfélagið

Í því felst meðal annars:

- **Hafnaraðstaða og þjónusta:** Áframhaldandi uppbygging á landtengingu hafna og viðhaldi á hafnaraðstöðu og þjónustu við skipafélög.
- **Samgöngur:** Bættar samgöngutengingar milli hafna og annarra hluta borgarinnar með áherslu á vistvænar almenningssamgöngur
- **Þjónusta:** Uppbygging á þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem bættar almenningssamgöngur og salernisaðstaða.
- **Skiptifarþegar:** Stuðla að því að auka hlut skiptifarþega sem skapar auknar tekjur og aukna nýtingu þjónustuframboðs í landi.
- **Tegund skipa:** Að huga að skiptingu og stærð skipa s.s. leiðangursskip

ÁBYRG NÝTING AUÐLINDA

Nýta auðlindir á skynsamlegan hátt til að tryggja langtíma ávinning fyrir efnahagslíf og umhverfi

Í því felst meðal annars:

- **Orkunotkun:** Notkun á umhverfisvænni orkugjöfum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- **Vatnsnotkun:** Skilvirk stjórnun á vatnsnotkun til að koma í veg fyrir sóun.
- **Úrgangsstjórnun:** Að draga úr neikvæðum áhrifum vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Samfélag

Ávinningur nærumhverfis

SAMFÉLAG

Ávinningur nærumhverfis
Að stuðla að jákvæðum
samfélagslegum áhrifum og að
nærumhverfi njóti ávinnings

Mikilvægt er að huga að samfélagslegu
jafnvægi meðal annars til að koma í veg fyrir:

- **Samfélagslegt álag:** Getur leitt til óánægju meðal íbúa, sérstaklega ef álag vegna skemmtiskipafarþega veldur auknum þunga á þjónustu og innviði.
- **Samfélagslegt ójafnvægi:** Að forðast að ferðaþjónustan verði til þess að skapa ójafnvægi í samfélaginu, þar sem aðeins ákveðnir hópar njóta ávinnings á kostnað annarra.

SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTAKA

Vinna að því að íbúar borgarinnar upplifi
jákvæð áhrif af komu gesta

Í því felst meðal annars:

- **Þátttaka íbúa:** Að skapa samstarfshóp hagaðila m.a. með þátttöku íbúa fyrir áfangastaðinn.
- **Upplýsingamiðlun:** Auka upplýsingamiðlun um áhrif og stöðu skemmtiferðaskipa sem hluta af ferðaþjónustu.

LÍFSGÆÐI ÍBÚA

Draga úr neikvæðum áhrifum á daglegt líf
borgarbúa og tryggja öryggi

Í því felst meðal annars:

- **Álagsstýring:** Að dreifa álagi vegna komu gesta á afmörkuðum svæðum og á ákveðnum tímum í samstarfi við nærliggjandi landssvæði.
- **Aukin þjónusta:** Að þróa þjónustu sem stuðlar að jákvæðri upplifun og gagnast bæði íbúum og gestum.
- **Öryggismál:** Að stuðla að auknu öryggi íbúa meðal annars með umferðarstýringu og öryggisráðstöfunum í tengslum við komu skemmtiferðaskipa og viðbragðsáætlunum.

MENNINGARUPPLIFUN

Skapa fjölbreytta menningarupplifun og
miðla sérstöðu menningararfs

Í því felst meðal annars:

- **Menningarleg upplifun:** Að stuðla að faglegu kynningarstarfi, fræðslu og leiðsögn, þannig njóti gestir fjölbreyttrar menningar og lista í borginni.
- **Samvinna við menningarstofnanir:** Að vinna náið með söfnum og menningarhúsum til að þróa framboð á menningarupplifunum og miðlun á menningararfinum.

Meginmarkmið: Umhverfi

Draga úr umhverfisáhrifum

UMHVERFI

Draga úr umhverfisáhrifum
Að lágmarka umhverfisáhrif
með því að draga úr losun
og stuðla að ábyrgri nýtingu
auðlinda

Mikilvægt er að huga að umhverfislegu
jafnvægi meðal annars til að stuðla að:

- **Sjálfbær nýting:** Að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda með því að setja reglur og viðmið um hámarksfjölda gesta sem hægt er að taka á mót á hverjum tíma.
- **Umhverfisvernd:** Álag á umhverfi getur leitt til mengunar, ofnýtingar á náttúruauðlindum og skemmda á vistkerfum

VERNDUN VISTKERFA

Draga úr mengun og neikvæðum umhverfisáhrifum á hafi og við strendur

Í því felst meðal annars:

- **Sjáravistkerfi:** Að draga úr mengun í hafi og stuðla að hreinni höfnum og strandsvæðum.
- **Líffræðilegur fjölbreytileiki:** Að vernda líffræðilegan fjölbreytileika í hafi og á landi, þar á meðal verndun á viðkvæmum tegundum og svæðum.

LOFTSLAGSMÁL OG LOFTGÆÐI

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengandi efna

Í því felst meðal annars:

- **Landtengingar:** Að ætíð séu nýttar landtengingar þar sem þess er kostur.
- **Orkugjafar:** Að hvetja til notkunar endurnýjanlegra orkugjafa til dæmis rafmagn.
- **Loftgæði:** Að minnka útblástur til að bæta loftgæði í borginni.

NÝTING NÁTTÚRAUÐLINDA

Tryggja að nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær og að tekið sé mið af viðkvæmum svæðum

Í því felst meðal annars:

- **Meðhöndlun úrgangs:** Að til staðar séu innviðir til að meðhöndla úrgang á umhverfisvænan hátt.
- **Flokkun og endurvinnsla:** Að draga úr soun og neikvæðum áhrifum á umhverfi vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Gestir

Gæði þjónustu

GESTIR

Gæði þjónustu
Að stuðla að jákvæðri
upplifun gesta með
framúrskarandi þjónustu,
snjallvæðingu og
upplýsingamiðlun

Mikilvægt er að huga að jafnvægi við móttöku gesta til að stuðla að:

- **Samfélagslegt jafnvægi:** Að tryggja að álag vegna gesta valdi ekki ójafnvægi og óöryggi í samfélaginu þar með talið umferðarálag og álags á vinsælum stöðum.
- **Sjálfbær nýting innviða:** Að meta og skilgreina hversu mikinn fjölda gesta innviðir borgarinnar geta tekið á móti án þess að skerða þjónustugæði.

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA OG UPPLIFUN

Þjóða upp á framúrskarandi þjónustu og upplifun fyrir gesti sem tekur mið af sjálfbærni

Í því felst meðal annars:

- **Framúrskarandi þjónusta:** Að bjóða upp á fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu svo sem með markvissri upplýsingamiðlun, viðeigandi innviðum og vistvænum samgöngum.
- **Upplýsingamiðlun og fræðsla:** Að upplýsa gesti um sjálfbærar ferðavenjur og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs.

ÁLAGSSTÝRING

Stýra fjölda gesta til að forðast of mikið álag á innviði og náttúru sem stuðlar að betri upplifun gesta

Í því felst meðal annars:

- **Skipulag:** Að greina álag á vinsælum áfangastöðum og skipuleggja heimsóknir gesta á viðkomandi stöðum með tilliti til ásættanlegra viðmiða þeirra.
- **Stýring:** Að beina gestum á mismunandi svæði innan borgarmarka til að dreifa álagi sem af komu þeirra hlýst. Samvinna við nærliggjandi landssvæði er einnig mikilvæg þar sem koma gesta frá borginni hefur áhrif á til að forðast of mikið álag á ákveðnum tímum.

NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTA

Upplýsa gesti um sjálfbærni og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs

Í því felst meðal annars:

- **Samskipti við íbúa:** Að stuðla að því að samskipti gesta og íbúa séu jákvæð og byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu.
- **Verndun náttúru:** Að fræða gesti um mikilvægi þess að virða náttúru og vistkerfi.
- **Orkunotkun:** Að hvetja gesti til að nýta vistvænar samgöngur.
- **Menningartengdar upplifanir:** Að hvetja gesti til að taka þátt í menningarviðburðum og fræðast um menningu borgarinnar á ábyrgan hátt.

Stýrihópurinn vill koma með eftirfarandi ábendingar til stjórnvalda

Að gerð verði þolmarkagreining fyrir landið í heild þegar kemur að komum ferðamanna hvort sem er með flugi eða skipum. Skoða verði álag og þolmörk í samhengi við fjölda ferðamanna á t.d. höfuðborgarsvæðinu og helstu áfangastöðum á suðvesturhorninu á sama degi.

Að stjórnvöld og Almannavarnir geri viðeigandi viðbragðsáætlanir og samræmi fyrir landið í heild vegna komu skemmtiferðaskipa til landsins og kynni þær íbúum.

Að gerðar séu kröfur um að þau skemmtiferðaskip sem hér leggist við land fylgi reglum um viðunandi starfsumhverfi starfsmanna og fylgst sé með því að þeim sé framfylgt.


Að skattspor við móttöku skemmtiferðaskipa verði greint og áhrif þess á efnahag og er þar meðal annars horft til fyrirhugaðs innviðagjalds.

STEFNURAMMI

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík til ársins 2030

Framtíðarsýn

Áfangastaðurinn Reykjavík er leiðandi í sjálfbærri þróun, framúrskarandi þjónustu og einstakri náttúru og menningarupplifun þegar kemur að móttöku skemmtiferðaskipa á norðurlóðum. Með áherslu á sjálfbæra þróun stefnir Reykjavík að því að skapa jafnvægi milli efnahagslegs ávinnings og umhverfisverndar, þar sem hagsmunir íbúa, gesta og fyrirtækja eru hafðir að leiðarljósi.





Unnið af Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins 2024 fyrir



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT **REYKJAVÍK**

Ábyrgðarmaður
Reykjavíkurborg

Umbrot og hönnun
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Ljósmyndir:
Ragnar Th. Sigurðsson

Október 2024



Reykjavík, 20. mars 2024

MSS24030066

ÓM

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 15.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Stefnumótun um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík - til afgreiðslu

Lagt fram erindi forseta borgarstjórnar, dags. 12. mars 2024, varðandi stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Samþykkt

Bjarni Þóroddsson
e.u.



Reykjavík



Reykjavík, 12. mars 2024

MSS24030066

Forsætisnefnd

Stefna um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki meðfylgjandi verkefnatillögu um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík og skipan stýrihóps sem heldur utan um verkefnið. Afurð verkefnisins er sameiginlegt stefnuskjal helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Greinargerð:

Í drögum að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 snýr aðgerð C.7 að samstarfi um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða. Markmiðið með þeirri aðgerð er að móttaka skemmtiferðaskipta skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Skoðað verði m.a. þörf á álagsstýringu og uppbyggingu innviða.

Með verkefninu væri sköpuð sameiginleg sýn Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna, íbúa, ferðaþjónustu, menningar, verslunar og þjónustu og annarra hagaðila. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins færi með framkvæmd verkefnisins.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
forseti borgarstjórnar

Hjálagt:

Erindisbréf: Stýrihópur um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Verkefnistillaga – Samtal um stefnu og þolmörk vegna móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík



Reykjavík



Reykjavík, 12. mars 2024

MSS24030066

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um stefnu og þolmörk í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík

Ábyrgðaraðili: Borgarritari

Inngangur:

Í drögum að tillögu til þingsályktunar um ferðamálafestefnu og aðgerðaráætlun til 2030 snýr aðgerð C.7 að samstarfi um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða. Markmiðið með þeirri aðgerð er að móttaka skemmtiferðaskipta skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg móti sér stefnu í samstarfi við hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Hlutverk:

Að skapa sameiginlega sýn hagaðila sem nýtist sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Sameiginlegt stefnuskjal helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Stýrihópurinn skipa:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar (formaður)

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi

Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri, Faxaflóahafnir

Fulltrúar frá aðilum ferðaþjónustu (1), menningu (1), verslun og þjónustu(1) tilnefndir af stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Fulltrúi íbúasamtaka (1)

Starfsmaður stýrihópsins:

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn hefur heimild til aðkeyprar ráðgjafar í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Með hópnum vinnur verkefnishópur sem í sitja starfsmenn frá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, Faxaflóahöfnum og Reykjavíkurborg. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavík



Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni stefnuskjali og tillögum að næstu skrefum fyrir lok júní 2024.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík

VERKEFNISTILLAGA


*SAMTAL UM STEFNU OG ÞOLMÖRK
VEGNA MÓTTÖKU SKEMMTIFERÐASKIPA Í REYKJAVÍK*

Sameiginlegt stefnuskjal helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík.

Stefnuskjalinu er ætlað að skapa sameiginlega sýn hagaðila auk þess að nýtast sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi.

Leiðandi í sjálfbærri þróun

Arðsöm og samkeppnishæf ferðapjónusta í sátt við land og þjóð



Ferðamálastefna og aðgerðaráætlun stjórnvalda til 2023

Í drögum að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun 2030:

C.7 Samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða

Markmið: Að móttaka skemmtiferðaskipa skapi verðmæti í sátt við samfélag og náttúru.

Stutt lýsing: Að stofnaðir verði samstarfshópar sveitarfélaga og ferðaþjónustu í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu landshlutans um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa og landtöku utan hafna. Hóparnir skoði m.a. þörf á álagsstýringu og uppbyggingu innviða. –

Ábyrgðarráðuneyti: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Ferðamálastofa, áfangastaðastofur.

Dæmi um samstarfsaðila: Samband íslenskra sveitarfélaga, þjóðgarðar, ferðaþjónustuaðilar, fyrirtæki í hafnsækinni ferðaþjónustu, Umhverfisstofnun og Samtök ferðaþjónustunnar.

Tímabil: 2024-2027

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: – kemur ekki fram

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: kemur ekki fram

Kostnaðarmat aðgerðar: kemur ekki fram

Skipulag og hlutverk

Verkefniseigandi: Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir / **Ábyrgðaraðili:** Borgarritari

Stýrihópur/Bakhjarl verkefnis: Skipaður lykilhagaðilum

Framkvæmdaaðili: Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins


Stýrihópur (8): Reykjavíkurborg (2), Faxaflóahafnir(1), fulltrúi frá íbúasamtökum(1), fulltrúi frá ferðaþjónustu og menningu (2) (stjórn Markaðsstofu tilnefnir frá aðildarfélögum), fulltrúi frá verslun og þjónustu (2) (stjórn Markaðsstofu tilnefnir frá aðildarfélögum)

Verkefnishópur (3-4):


Inga Hlín Pálsdóttir/Margrét Wendt, Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins (frkstj. verkefnis),
Sigurður Jökull Olafsson, Faxaflóahafnir og Kamma Thordarson, Reykjavíkurborg

Ráðgjafi: Anna Katrín Einarsdóttir, ANK

Verkhlutar – Road Map



Verkhlutar – Road Map



Afmörkun

ÁFANGAR


UPPHAF OG
UNDIRBÚNINGUR


GREININGAR OG
FORSENDUR


SAMTAL VIÐ HAGAÐILA,
MIÐLUN OG ÚRVINNSLA


SKILGREINING
STEFNUYFIRLÝSINGAR


AFURÐ
VERKLOK

TÍMALÍNA

MARS

MARS

APRÍL/MAÍ

MAÍ

MAÍ

AFURÐ

Sameiginlegt stefnuskjal helstu hagaðila um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Stefnuskjalinu er ætlað að skapa sameiginlega sýn hagaðila auk þess að nýtast sem grunnur við frekari skilgreiningu aðgerða og við álagsstýringu sem hefur áhrif á samfélag, náttúru, efnahag og nærumhverfi.

Skref fyrir skref

ÁFANGAR



UPPHAF OG
UNDIRBÚNINGUR



GREININGAR OG
FORSENDUR



SAMTAL VIÐ HAGAÐILA,
MIÐLUN OG ÚRVINNSLA



MÓTUN
STEFNUSKJALS



AFURÐ
VERKLOK

MARS

MARS

APRÍL/MAÍ

MAÍ

MAÍ/JÚNÍ

VERKÞÆTTIR

- ✓ Sameiginlegur skilningur á aðferðafræði, markmiði og afurð
- ✓ Nánari grein gerð á framvindu
- ✓ Kortlagning á fyrirliggjandi stefnum og gögnum

- ✓ Greining og samantekt á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum
- ✓ Hagaðilagreining
- ✓ Rýni á erlendum fyrirmyndum og benchmark
- ✓ Kortlagning á helstu seglum og áfangastöðum

- ✓ Samantekt úr fyrri áfanga lögð fram til umfjöllunar og miðlunar
- ✓ Vinnustofur og rýnifundir
- ✓ Úrvinnsla á efnislegum niðurstöðum

- ✓ Mótun stefnuskjals þar sem horft verður til efnislegra niðurstaðna úr vinnustofum og rýnifundum
- ✓ Drög að stefnuskjali lögð inn til stýrihóps til rýnis

- ✓ Stefnuskjal afhent verkefniseiganda til samþykkis og ákvörðunar um framhald og framkvæmd innleiðingar

Sjálfbær þróun áfangastaða – dæmi um „tól & tæki“

- Þolmarkagreining
- Álagsstýring
- Áreiðanleg gögn sem styðja við ákvarðanatöku
- Lausnir og ferlar sem hægt er að aðlaga og nýta á mismunandi áfangastöðum sbr. Ástandsmat áfangastaða hjá Umhverfisstofnun
- Viðhorfskannanir – framkvæmdar reglulega og með samræmdum hætti
- Skilgreina mótvægisáðgerðir til að bregðast við niðurstöðum kannana
- Þróa álagsstýringakerfi til að mæta ójafnvægi og koma í veg fyrir ofálag eða neikvæð áhrif á þolmörk íbúa og náttúru.


Áætlað að nýta þau gögn sem eru fyrirliggjandi og verkfæri

DÆMI um gögn:

Álagsstýring á áfangastöðum (VSÓ ráðgjöf fyrir ANR)

Tillögur að aðgerðum

- Skipulag og uppbygging ferðamannastaða
 - Innra flæði – Skipulag og samstarf
 - Nýr ferðamannastaður
- Íslandsvegir – skilgreindir ferðamannavegir
- Hringborðið – Samráðsvettvangur ferðaþjónustu
- Bókunarkerfi og gjaldtaka
- Miðlun upplýsinga
- Markaðssetning
- Leyfi
- Innviðaupbygging á ferðamannastöðum
- Stafrænt bókunar-, upplýsinga- og gjaldtökukerfi
- Stýring ferðamanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Lærdómur frá öðrum áfangastöðum um innleiðingu



SAMTAL UM STEFNU OG ÞOLMÖRK VEGNA MÓTTÖKU SKEMMTIFERÐASKIPA Í REYKJAVÍK

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins/ Visit Reykjavík

Framkvæmdastjóri: Inga Hlín Pálsdóttir, inga@reykjavikandpartners.is

Ráðgjafi við verkefnið: Anna Katrín Einarsdóttir, anna@rata.is